Heit og ljúffeng
HAMRABORG PIZZA
Hafnarstræti 7 - 456 3166

Nýtt og öflugt verkfæri til íbúðakaupa
Greiðslumat á netinu
Lánsumsókn á netinu
Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Símanúmer Landsbankans á Ísafirði er 410 4156
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
Fimmtudagur 1. mars 2007 · 9. tbl. · 24. árg.

Skiptinemi í landi hinnar rísandi sólar

– Ísfirðingurinn Gísli Kristjánsson dvaldi sem skiptinemi í Japan í ellefu mánuði á vegum AFS. Hann er nýkominn heim úr landi hinnar rísandi sólar og segir lesendum BB frá dvölinni í máli og myndum. Sjá miðopnu.

Úlfar ehf. kaupir Rörtækni

Úlfar ehf., á Flateyri hefur gengið frá kaupum á Rörtækni á Ísafirði og réttingar- og sprautuverkstæðinu að Seljalandsvegi 86. Verkstæðið var í eigu G7 eða Guðna Geirs Jóhannessonar sem einnig átti allt hlutafé í Rörtækni.

Úlfar ehf., er í eigu Úlfars Önundarsonar og Jakobs Einars Úlfarssonar og hafa þeir fram til þessa einbeitt sér að vinnuvélaþjónustu þar sem starfa fimm menn. Eftir kaupin starfa nú hjá Úlfari ehf. 16 manns. Úlfar segir ekki miklar breytingar fyrirhugaðar á fyrirtækjunum. *– annska@bb.is*

Starfsmenn Vegagerðarinnar á Ísafirði hafa að undanförnu unnið að því að skipta um ljósaperur í Vestfjarðagöngunum. Þetta er hluti af venjubundnu viðhaldi ganganna, en skipt er um ljósaperur á tveggja til þriggja ára fresti. Sérstök lyfta er notuð til verksins, en það er unnið í ígripavinnu með öðrum verkum Vegagerðarinnar. Það tekur því tæpar tvær vikur að klára verkið, en áætlað er að því verði lokið í vikunni. Göngin eru opin á meðan á verkinu stendur, en til þess er mælst að vegfarendur sýni aðgát og taki tillit til verkamannanna. Ljósmynd: Páll Önundarson. *– tinna@bb.is*

Samkaup úrval
OPIÐ:
virka daga kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud. kl. 12 - 21
Verið velkomin!
Samkaup úrval
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt fyrir okkur
EIMSKIP
Fyrirskála | 400 Ísafjörður | Sími 525 7890 | Fax 525 7899 | www.flytjandi.is

Dagurinn í dag

1. mars 2007 – 60. dagur ársins

Þennan dag árið1988 var skylt að aka með ljósum allan sólarhringinn, samkvæmt nýjum umferðarlögum. Einnig var heimilað að sekta fyrir vanrækslu á notkun bílbelta.

Harmar lokun starfsstöðvar Marels

Sjávarútvegsráðherra, Einar Kristinn Guðfinnsson, harmar lokun starfsstöðvar Marels á Ísafirði. Á heimasíðu sinni segir Einar m.a. að lokunin sé fyrst og fremst áfall fyrir starfsfólk Marels og fjölskyldur þeirra, en einnig fyrir samfélagið. „Marel er burðarás í atvinnulífinu og það munar um minna fyrir samfélag á borð við Ísafjörð ef Marel hverfur úr bænum.“ Einar tekur einnig undir orð Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, að hætta sé fyrir hendi á því að úr bænum hverfi einstök þekking, ómetanleg fyrir bæjarfélagið. „Til staðar er hópur frábærs starfsfólks, einstök verkþekking, sem mikilvægt er að við reynum að tryggja að geti áfram verið til staðar á Ísafirði og hafi tækifæri til þess að vinna störf á sínu verksviði.“

Lokun starfsstöðvar Marels hf.

Þingmenn áhyggjufullir

Atvinnumál á Ísafirði voru rædd á Alþingi á mánudag. Þingmenn Norðvesturkjördæmis lýstu þar miklum áhyggjum af afleiðingum þess að starfsstöð Marels á Ísafirði verður lokað í haust. Bent var á að tekjusamdráttur og fólksfækkun hefði orðið á Ísafirði og víðar í kjördæminu og ekki bætti úr skák þegar vaxtarsprotar á borð við Marel hverfa á braut. Kristinn H. Gunnarsson, tók málið upp í upphafi þingfundar á mánudag.

Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, sagði ákvörðun Marels hafa valdið miklum vonbrigðum og menn óttuðust að með henni hyrfi úr Ísafjarðarbæ verkþekking, sem þar hefði verið að byggjast upp á áratugum. Einar sagði fyrirtækið tæki hins vegar sínar ákvarðanir á eigin forsendum og verið væri að skoða hvort hægt aðrir á Ísafirði gætu sinnt þessum verkefnum. Sagði Einar að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Byggðastofnun og Ísafjarðarbær þyrftu að vinna að því að áfallið verði minna en efni stæðu til.

– annska@bb.is

Hesthúsin að Söndum í Dýrafirði. Ljósm: Páll Önundarson.

Fasteignagjöld á hesthús í Dýrafirði hækkuðu um 225%

Óánægjuraddir hafa heyrst á meðal íbúa Ísafjarðarbæjar eftir mikla hækkun fasteignagjalda. Eftir hækkunina er álagning fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði er 0,45% og á aðrar fasteignir 1,6 %. Á Þingeyrarvefnum er tekið sem dæmi af 60m² hesthúsi á Söndum í Dýrafirði, sem nú er flokkað sem atvinnuhúsnæði. Þar hafa fasteignagjöld hækkað um 225 % á milli ára á sama tíma og fasteignamat hefur lækkað.

Í samtali við thingeyri.is segir Sigþór Gunnarsson, formaður Hestamannafélagsins Storms á Vestfjörðum, að hækkunin sé með öllu ólýðandi og óskiljanleg með öllu. ,,Að auka skattheimtur á þá sem stunda hestaíþróttina og eru að byggja upp starfsemi henni tengdri, sem dæmi nýja reiðhöll, væri ósanngjarnt. Að leggja svo háa álagningu á íþróttahús hestamanna á meðan Ísafjarðarbær bæði kostar uppbyggingu og rekstur fyrir aðrar íþróttagreinar. Það verður að jafna leikreglurnar,“ sagði Sigþór.

,,Búið er að koma mótmælum á framfæri við byggingafulltrúa og aðra þá er málið varðar innan Ísafjarðarbæjar og biðja um leiðréttingu á þessu . Nú er málið í höndum bæjarstjórnar sem hlýtur að leiðrétta þennan gjörning, ég bara trúi ekki öðru en að það verði gert,“sagði Sigþór.

– thelma@bb.is

Hvíldarklettur ehf., kaupir meirihluta í Eyrarbót

Hvíldarklettur ehf., á Suðureyri hefur fest kaup meirihluta hlutabréfa í Eyrarbót ehf á Flateyri, en fyrirtækið rekur söluskála ESSO á Flateyri. Stefna Hvíldarkletts, sem meðal annars á og rekur Veggistingu, er að byggja upp ferðaþjónustu á Flateyri í náinni framtíð á svipuðum nótum og fyrirtækið hefur gert á Suðureyri. Elías Guðmundsson hjá Hvíldarkletti segir fyrirtækið leita leiða til að koma upp aðstöðu fyrir sjóstangaveiðimenn á Flateyri og Þingeyri í samvinnu við innlenda og erlenda aðila sem hafa nú þegar leitað til þeirra um samstarf við uppbygginguna.

Ekki er fyrirséð hvenær hægt verður að hefja sölu á sjóstangaveiði til Þingeyrar eða Flateyrar en Elías segir það eingöngu stranda á húsnæði. „Við höfum verið að leita að húsnæði á þessum stöðum og einnig höfum við sótt um lóðir fyrir sumarhús til að anna aukinni eftirspurn eftir þessari tegund ferðaþjónustu.“

Hvíldarklettur ehf hefur dregið sig út úr samstarfi við sjóstangaveiðiverkefnið Fjord fishing sem var með sjóstangaveiðiferðir frá Súðavík og Tálknafirði síðasta sumar. „Ætlun okkar er að semja sjálf beint við söluaðila sjóstangaveiðiferða í Þýskalandi og nú þegar er fullbókað í öll húsin hjá okkur á Suðureyri í sumar svo útlitið er bara gott hjá okkur“ segir Elías.*– annska@bb.is*

Hvíldarklettur ehf. hefur keypt meirihluta hlutabréfa í Eyrarbót á Flateyri. Mynd: Mats Wibe Lund.

Steypuviðgerðum slegið á frest út af skemmdu sýni

Grunur lék á að steypa sem notuð var í nýjan bryggjukant við Ásgeirsbakka á Ísafirði væri ónýt, þar sem steypusýni bentu til þess, en við nánari athugun kom í ljós að sýnið hafði skemmst. „Það voru tekin sýni úr steypunni sem komu mjög illa út, steypan var bara ónýt. Þegar hins vegar voru tekin kjarnaborssýni úr steypunni þurri, þá var hún í lagi,“ segir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri. Enn er verið að rannsaka steypuna til að ganga úr skugga um að hún sé í lagi. Af þessum sökum hefur öllu steypuviðgerðum verið slegið á frest.

Framkvæmdir við hafnarbakkann eru á lokastigi, einungis á eftir að klára steypuvinnu og gróffrágang á yfirborði, sem verður ráðist í þegar veðurfar hlýnar. Unnið hefur verið að því síðan um mitt síðasta ár að lengja stálþil við Ásgeirsbakka. Sýnin sem tekin voru úr steypunni virðast hafa frosið og þar af leiðandi eyðilagst, Guðmundur segist enga skýringu hafa á því hvernig svona fór fyrir sýnunum.

Fyrir skömmu þurfti að brjóta niður steypu sem samsvarar magni úr hálfu bílhlassi við Grunnskólann á Ísafirði, en hún stóðst ekki prófanir. Jóhann Birkir Helgason, sviðsstjóri umhverfissviðs Ísafjarðarbæjar, sagði þá að það væri einangrað tilfelli þar sem einhver mistök hefðu átt sér stað hjá framleiðanda.

– annska@bb.is

Ekkert sveitarfélag hefur skilað inn áætlunum

Ekkert sveitarfélag á Vestfjörðum hafði skilað inn til heilbrigðisnefndar Vestfjarða áætlunum um endurgerð leiksvæða og eftirlit með þeim á síðasta fundi nefndarinnar sem haldinn var 9. febrúar. Í haust var óskað eftir upplýsingum varðandi stöðu mála vegna nýrrar reglugerðar um öryggi leikvallatækja og –svæða. Við setningu reglugerðarinnar var veittur frestur til 31. desember 2006 til að endurgera leiksvæði sem uppfylltu ekki kröfur. Gerð var krafa um að rekstraraðilar starfræki innra eftirlit sem felur í sér eftirlitsskoðanir sem framkvæmdar eru af starfsfólki daglega eða vikulega og rekstrarskoðun sem framkvæmd eru af rekstraraðila á þriggja mánaða fresti. Þessu til viðbótar skal faggiltur aðili framkvæma aðalskoðun. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða fékk frest til að skila unn upplýsingum til Umhverfisstofnunar til 19. febrúar.



Krefjast aðstoðar ríkisvaldsins við að rétta hag vestfirskra sveitarfélaga

Forystumenn sveitarfélaga á Vestfjörðum funduðu með ríkisstjórn þann 2. febrúar sl. og báru fram kröfur er varða framtíð Vestfjarða. Teljasveitarstjórnarmennirnir vanda fjórðungsins mikinn og að stefni í óefni að óbreyttu og miða kröfurnar að því snúa þrouninni til betri vegar. Samkvæmt heimildum blaðsins hittu sveitarstjórnarmennirnir þrjá ráðherra, sem tóku við kröfunum. Í fyrsta lagi lögðu sveitarstjórnendur til að framkvæmdum yrði hraðað og fjármagn aukið í samgöngumálum í fjórðungnum ásamt því að hringtengingu Vestfjarða yrði lokið innan 4ra ára.

Þá óskuðu þeir eftir því að ríkisvaldið veiti tímabundinn fjárstuðning svo takast megi að styrkja samkeppnishæfni svæðisins með reglubundnum strandsiglingum og efla atvinnulíf til frambúðar, þar sem flutningskostnaður og ótryggar samgöngur yfir vetrartímann veiki rekstrargrundvöll sjávarútvegsfyrirtækja verulega. Þar af leiðandi hafa stjórnendur einstakra fyrirtækja hugað að flutningi starfsemi sinnar með tilheyrandi byggðaröskun. Einnig var farið fram á að framkvæmdum við uppbyggingu háhraðatenginga á Vestfjörðum yrði hraðað ásamt uppbyggingu GSM sambands og að því verði lokið innan tveggja ára.

Sveitarstjórnendur óskuðu eftir því að skuldir félagslega íbúðakerfisins verði afskriffaðar en þær eru á bilinu 7-8 milljarða króna. Fólksfækkun hefur leitt til minni nýtingar á félagslega íbúðarkerfinu og kostnaður er mun meiri en tekjur. Íbúðir standa auðar og viðhaldi er þar af leiðandi ekki sinnt sem skyldi. Segja stjórnendur sveitarfélaganna að við þessu verði að bregðast nú þegar því ellegar vaxi vandinn enn frekar. Þó er rétt að taka fram að sveitarfélögin hafa selt hluta af eignum sínum og sem dæmi má taka að í Bolungarvík eru 32 íbúðir eftir af 80 í félagslega íbúðarkerfinu.

Að auki var lagt til að veiðigjöld samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða renni til sveitarfélaga. Telja bæjar- og sveitarstjórar það sanngjarna og eðlilega kröfu að veiðileyfagjald sem fyrirtækjum er gert að greiða renni til sveitarfélaga sem einkum byggja afkomu sína á nýtingu til auðlinda hafsins. Þessar tvær tillögur lögðu nokkrir bæjarstjórar fram í desember 2004, en ríkisvaldið hefur ekki orðið við þeim.

Að lokum var óskað eftir því að ríkisvaldið gæti þess við ákvarðanatöku og setningu laga og reglugerða að taka tillit til sérstöðu Vestfjarða, samanber fyrirætlaða frestun vegaframkvæmda. Auk þess sem tekið verði á tekju- og útgjaldavanda sveitarfélaga á Vestfjörðum með auknu fjárframlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og að úrræði liggi fyrir innan árs.

Fyrirhugað að ráðast í framkvæmdir við sjóvarnir á Þingeyri

Fyrirhugað er að fara í framkvæmdir við sjóvarnir á Þingeyri í ár og á næsta ári, en framkvæmdirnar sem eru á vegum Siglingastofnunar og að mestu fjármagnaðar af íslenska ríkinu hefur ítrekað verið slegið á frest. Annars vegar er um að ræða 230 metra langa sjóvörn úr 3900 m3 af grjóti neðan til á Þingeyrarodda, þ.e. fyrir neðan smiðju og út fyrir gamla sláturhús, og hljóðar kostnaðaráætlun upp á 15,5 millj.kr. Þessum framkvæmdum var frestað árið 2006 vegna þenslu á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar er um að ræða 200 metra langa sjóvörn úr 2000 m3 af grjóti við smábátahöfnina og hljóðar sú kostnaðaráætlun upp á 8,4 millj.kr. Ráðgert er að fara í þá framkvæmd árið 2008. Grjótið verður tekið úr námu í landi Kjaransstaða í Dýrafirði.

Á þessu ári á að rífa gömlu trébryggjuna við ytri hafnargarð og ganga frá kanti. Kostnaðaráætlun er 6,1 millj.kr. Þeirri framkvæmd var frestað árin 2004, 2005 og 2006. Fyrirhuguð er dýpkun á smábátahöfninni, 3000 m3, á árinu 2008 og er kostnaðaráætlun 6,6 millj.kr. Greint var frá þessu á Þingeyrarvefnum og þar á bæ velta menn því fyrir sér hvort hafnarframkvæmdir á Þingeyri verði efst á frestunarlista ríkis og sveitarfélags eins og undanfarin ár.

– annska@bb.is



Þingeyraroddi. Íbúar vona að framkvæmdum við sjóvarnir verði ekki slegið á frest eina ferðina enn.

Háum fasteignagjöldum í Ísafjarðarbæ mótmælt

Vinnufélagar úr rækjuverksmiðjunni Miðfelli á Ísafirði afhentu á mánudag, Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, undirskriftalista með ríflega 400 nöfnum, þar sem háum fasteignagjöldum í Ísafjarðarbæ er mótmælt. Að sögn Guðbjarts Ástþórssonar, eins þeirra sem stóð fyrir undirskriftasöfnuninni, lágu listar fyrir á þremur stöðum á Ísafirði í um vikutíma.

Hann segir þá félaga mjög ánægða með viðbrögðin og viðtökurnar sem listarnir hafa fengið og er hann sannfærður um að mun fleiri undirskriftir hefðu safnast, ef listarnir hefðu til að mynda verið látnir liggja fyrir á fleiri fjölförnum stöðum. Guðbjartur segir listana hafa verið setta út til þess að kanna hug íbúa til málsins og segir hann þá glögglega sýna hver hugurinn er.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri segist ánægður með framtak mannanna. „Ég er ánægður með það að íbúar hafi skoðanir á því sem hér er verið að gera og komi þeim á framfæri.“ Halldór segir að hann hafi lauslega farið yfir þessi mál og ástæður fasteignagjalda með þeim sem afhentu honum listann.

– annska@bb.is

Guðbjartur Ástþórsson og samstarfsfólk hans úr Miðfelli afhenda Halldóri Halldórssyni undirskriftalistann.

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 1. mars - 4. mars

941 kr/kg
Verð áður 1.344 kr/kg
30% afsláttur
Bayonne-skinka

459 kr/kg
Verð áður 656 kr/kg
30% afsláttur
Reykt folalda-kjöt með beini

1.284 kr/kg
Verð áður 1.759 kr/kg
27% afsláttur
Gourmet lambalæri rauðvínslegið

454 kr/kg
Verð áður 699 kr/kg
35% afsláttur
Heill ferskur kjúklingur frá Íslandsfugli

1.124 kr/kg
Verð áður 1.499 kr/kg
25% afsláttur
Svínahnakki úr kjötborði*

79 kr
Verð áður 139 kr
Svali 3 í pakka

299 kr
Pepsi eða Pepsi light og poki af Doritos

Rosalega góðar súpur!

199 kr
Knorr Doy súpur

399 kr
Verð áður 559 kr
Fyrirtakspizzur

Samkaup úrval

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður • Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd

Verð birt með fyrirvara um prentvillur • Tilboðin gilda 1. mars - 4. mars • *Á eingöngu við þar sem fersk kjötborð eru á staðnum

Ferðaskrifstofan Fylkir.is opnar endurbætta vefsíðu

Ferðaskrifstofan Fylkir.is setti formlega nýja vefsíðu í loftið á föstudag. Um er að ræða nýrri hönnun á gamalli og góðri síðu sem Fylkir Ágústsson hefur haldið úti síðan 1997. Er þetta þriðja kynslóð vefsvæðis hans og hefur síðan virkilega vaxið og dafnað síðan 1997. Er vefsíðan sett upp í Snerpill vefumsjón, vefumsjónarkerfi tölvuþjónustunnar Snerpu ehf. Á vefsíðunni má finna og panta hinar ýmsu upplýsingar um Danmörku, og ferðalög þangað, hvort sem það er í formi texta, tengla, skráa eða mynda. Fylkir Ágústsson er eini eigandi ferðaskrifstofunnar og er sérstaða hennar sú að hún er nánast eingöngu rekin á netinu og í gegnum síma. Viðskiptavinir geta valið sumarhús eða aðra þjónustu beint af heimasíðu ferðaskrifstofunnar. Fylkir hefur verið ræðismaður Danmerkur á Ísafirði frá 30. apríl 2001.

– thelma@bb.is

Fylkir Ágústsson og Ágúst Atlason hjá Snerpu setja hér síðuna formlega í loftið.

„Boðaður niðurskurður þorskveiðiheimilda getur valdið byggðahruni“

Aðalfundur Sjálfstæðisfélagsins Völusteins fagnar nýrri samgönguáætlun, en fundur þeirra fór fram í Einarshúsi í Bolungarvík um sl. helgi. Sérstaklega fagna félagsmenn jarðgöngum til Bolungarvíkur sem tekin verða í notkun á árinu 2010. Einnig fagnar félagið vegtengingu norðanverðra Vestfjarða við hringveginn, sem á að vera með bundnu slitlagi á fullsterkum vegum árið 2008.

„Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir vestfirskt atvinnulíf og mannlíf sem ennþá býr við tugum prósenta hærri flutningskostnað en aðrir landshlutar í sömu fjarlægð frá Reykjavík. Þróun flutningsgjalda undanfarin ár hefur öll verið í þá átt að hækka flutningsgjöld til landsbyggðarinnar hlutfallslega meira en flutningsgjöld til landsins. Landsbyggðin greiðir stóran skerf innflutnings- og útflutningsgjalda til Faxaflóahafna. Eðlilegt væri að landsbyggðin nyti þess með einhverjum hætti í lægri flutningsgjöldum til og frá Reykjavík“ segir í ályktun félagsins.

Félagið ályktaði einnig um þorskveiðar, þar sem það segir aflamarkerfi sem verið hefur á undanfarin ár lítt verið að virka. Einnig gera þeir athugasemdir við að ríkisrekin vísindastofnun rannsaki lífríki hafsins: „Veiðum á mikilvægasta nytjastofni þjóðarinnar, þorski, hefur nú verið stjórnað með aflamarkskerfi í rúmlega tvo áratugi. Því miður hefur árangur þeirrar stjórnunar ekki verið sem skyldi og enn er boðaður stórfelldur niðurskurður veiðiheimilda. Sjómenn efast um að ástandið sé rétt metið því jafnan gengur illa að sneiða hjá þorski þegar reynt er að veiða aðrar tegundir.

Aðeins ein ríkisrekin vísindastofnun stundar rannsóknir á lífríki hafsins við Íslandsstrendur og gefur síðan út veiðiráðgjöf, byggða á eigin rannsóknum. Eðlilegra væri að bjóða rannsóknir út til sjálfstæðra vísindamanna og Hafrannsóknarstofnun mæti niðurstöður þeirra. Slíkt fyrirkomulag leiðir til markvissari rannsókna sem ætti að skila sér í betri niðurstöðum fyrir fiskveiðistjórnun Íslendinga.

Verulegur niðurskurður þorskveiðiheimilda þarf að byggjast á traustari forsendum en við höfum í dag því veiðimagnið er nú þegar undir þolmörkum þeirra byggða sem eru háðastar þorskveiðum. Hætt er við að boðaður niðurskurður þorskveiðiheimilda kippi stoðum undan rekstri sjávarútvegsfyrirtækja í sjávarþorpum landsins. Slíkt getur valdið byggðahruni sem færir okkur enn fjær því að sátt verði um fiskveiðistjórnunarkerfið.“

Frá Ísafjarðarhöfn.

Aðkoma ríkisins nauðsynleg til að koma aftur á strandsiglingum

„Það vantar enn viljann til að breyta“ segir Gunnar Bachmann, framkvæmdastjóri Atlantsskipa, aðspurður um strandsiglingar fyrirtækisins til Vestfjarða. Gunnar segist hafa merkt áhuga hjá fyrirtækjum, en það sé eins og tryggð við flutningafyrirtækin sem fyrir eru á markaðinum séu honum yfirsterkari. Mestan áhuga segist Gunnar skynja hjá hinum almenna borgara sem gjarnan vilji losna við öra umferð flutningabíla af vegum landsins en áhuginn hjá stjórnvöldum sé hins vegar ekki fyrir hendi.

Gunnar segir óvægna samkeppni hafa komið Jaxlinum undir sem síðast stundaði strandsiglingar til Vestfjarða og segir hann aðkomu íslenska ríkisins nauðsynlega við að koma aftur á fót strandsiglingum hér við land. Hann segir Atlantsskip ekki hafa burði sem einkafyrirtæki til að taka áhættuna án nokkurs inngrips hins opinbera og væri í því samhengi hægt að bjóða út flutninga á 2500 gámum með svokölluðu „minimum garanti“ þannig hver gámur sem fyrirtækið flytji dragist frá þeim höfuðstóli. Með því móti væri ríkið að tryggja öruggt fjármagn, en þegar uppi er staðið þurfi ekki að vera að það greiði neitt.

Gunnar segir flutningabíla valda um 80% af því sliti sem eru á vegum landsins og finnst einkennilegt að strandsiglingar hér við land skuli ekki vera að finna í nýútkominni samgönguáætlun. „Þetta er alveg úr takti við það sem er að gerast hjá Evrópusambandinu, en hjá því er meðal annars að finna svokallaða Marco Polo áætlun sem krefst þess að flutningar fari af vegum,“ segir Gunnar.

Atlantsskip hafa unnið að því síðan í nóvember að hefja strandsiglingar, en þeim hefur ekki orðið árangur sem erfiði og segir Gunnar það koma sér virkilega á óvart hvernig dregur úr áhuganum þegar á hólminn er komið, en áður en farið var af stað höfðu forsvarsmenn fyrirtækisins merkt greinilegan áhuga fyrir strandsiglingum á nýjan leik.

Eins og kunnugt er hafa strandsiglingar til Vestfjarða legið niðri í nokkurn tíma. Eimskip hættu strandsiglingum þann 1. desember 2004, en tóku upp samstarf við Sæskip um rekstur strandsiglingaskipsins Jaxlsins sem seldur var til Danmerkur í október árið 2005.

Guðbjartur Hannesson, oddviti Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi hélt ræðu í vígsluhófi kosningaskrifstofu Samfylkingarinnar á Ísafirði.

Kosningaskrifstofa Samfylkingarinnar opnuð

Fjöldi manns mætti í hóf sem haldið var í tilefni af því að hluti kosningaskrifstofu Samfylkingarinnar á Ísafirði var tekinn í notkun á föstudag. Guðbjartur Hannesson, oddviti Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi, og Sigurður Pétursson, sem skipar fjórða sætið á listanum, buðu gesti velkomna og gáfu þeim forsmekk af því sem koma skal í kosningabaráttunni.

Sjónvarpsmaðurinn Guðmundur Steingrímsson var heiðursgestur opnunarinnar og vígði nýja húsnæðið. Meðal gesta voru Helga Vala Helgadóttir og Bryndís Friðgeirsdóttir sem báðar skipa sæti á lista Samfylkingarinnar. Að ræðuhöldum loknum tróð hljómsveitin Grjóthrun troða upp fyrir gesti. Skrifstofan er staðsett að Aðalstræti 27.

– thelma@bb.is

Efna til keppni í óbeislaðri fegurð

Áhugahópur um óbeislaða fegurð hefur í hyggju að halda fegurðarsamkeppni á Ísafirði. Keppnisreglur eru einfaldar og er meiningin að bæði kynin geti tekið þátt. Þátttakendur verða að vera komnir af barnsaldri og vera sem upprunalegastir þ.e. hárígræðlsur, brjóstastækkanir og aðrar lýtaaðgerðir geta útilokað fólk frá keppni. „Það telst keppendum til tekna ef lífið sést utan á þeim. Er þá átt við að aldur, aukakíló, hrukkur, slit vegna barnsfæðinga, lafandi brjóst, skalli, loðið bak, appelsínuhúð o.þ.h. teljast til kynþokka. Keppendur munu hvorki þurfa að grenna sig né þyngja til að geta tekið þátt og aðstandendur keppninar minna á að tíðar ferðir í ljós geta valdið krabbameini. Keppt verður um titilinn óbeisluð fegurð 2007 auk nokkurra titla, michelin 2007, húðslit 2007, dansukker 2007 svo einhverjir séu nefndir", segir í tilkynningu.

Ritstjórnargrein

Þeirra helsta markmið

„Við erum að leita eftir þeirri þekkingu sem þar (hjá Póls hf) er til staðar. Við höfum keypt mörg fyrirtæki í gegnum tíðina víðs vegar um heiminn. Við höfum alls staðar haldið starfseminni áfram svo og þeim vörumerkjum sem við höfum keypt. Póls hefur náð sinni stöðu vegna þeirrar starfsemi og þeirrar þekkingar sem er til staðar á Ísafirði. Þeirri þekkingu viljum við viðhalda og styrkja. Við kaupum ekki fyrirtæki til þess að leggja þau niður," sagði forstjóri Marels við efasemdarmenn hér vestra, við kaup Marels á Póls h.f. í mars 2004, sem óttuðust af fenginni reynslu að slíkt myndi leiða af sér brotthvarf starfa úr bænum. Til fullvissu fyrir heimamenn var traustvekjandi saga fyrirtækja sem Marel hafði keypt, lögð fram. Póls yrði eitt þeirra í Marel samsteypunni. Framtíð Póls/Marel á Ísafirði væri björt.

Fyrsta apríl 2005 sagði framkvæmdastjóri Póls á Ísafirði, að „markmiðið (væri) að reka á Ísafirði sterka þróunar- og framleiðslueiningu fyrir Póls vörur jafnt sem Marel vörur á ákveðnu sviði. Það er það sem við höfum verið að gera og ætlum að halda áfram að gera." Hvort framkvæmdastjórann hafi á þeim tíma órað fyrir því að tveimur árum seinna gerði Magnús Þór Ásmundsson, framkvæmdastjóri framleiðslu Marels, þessi orð hans að aprílgabbi ársins 2005 á Ísafirði, skal ósagt látið! Aðspurður hvers vegna þetta kæmi nú upp þrátt fyrir að fram til þessa hafi aldrei heyrst raddir um annað en að rekstur stöðvarinnar á Ísafirði væri jákvæður sagði Magnús: „Við þurfum að bera rekstrarlegar skyldur gagnvart öllum og stundum bitnar það á þeim sem síst skyldi, sem er í þessu tilfelli Ísafjörður." Og svo var höfuðið bitið af skömminni með því að bjóða starfsmönnunum, sem búið er að segja upp, að kaupa framleiðslubúnaðinn: „Við myndum beina verkefnum hingað ef svo bæri undir," sagði framkvæmdastjórinn! Traustvekjandi í ljósi sögunnar?

„Þetta er sorgarsaga, því fyrirheitin voru á allt aðra leið," sagði Grétar Pétursson, einn starfsmanna Marels á Ísafirði, menn „spurðu einmitt mikið út í það hvort þetta yrði raunin, minnugir þess hvernig fór fyrir Guggunni." Svarið var nei. Nú, nær þremur árum seinna krefst aukin samþætting í alþjóðlegu starfsumhverfi Marel að vel rekin eining á Ísafirði verði lögð niður. Voru kaupin á stórfyrirtækjunum í Englandi og Danmörku á s.l. ári of stór biti? Ef svo er eiga menn að koma hreint til dyra. Marklausar afsakanir, líkt og frá Samherjaforstjóranum forðum, sem kvað ekki endalaust hægt að ætlast til að menn stæðu við orð sín, gagna starfsmönnum Marel hér vestra lítils þegar burðarbitum fjárhagslegs öryggis þeirra hefur verið svift burt.

Fyrst Guggan. Nú Póls hf. Sama sagan um allt land. Stórfyrirtækin virðast hafa það eina markmið með kaupum á fyrirtækjum á landsbyggðinni að sjúga til sín þá þekkingu og þau verðmæti sem þar kunna að leynast. Hvað Ísafjörð varðar er mælirinn fullur. Innihaldslausar afsakanir gerenda og tár (sem leiða hugann að heldur óþekkilegum, stuttfættum dýrum) gera þolendum í þessu máli aðeins illt verra.

s.h.

Á þessum degi fyrir 16 árum

Ísland aðili að EFTA

Í dag , 1. mars, gerist Ísland aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA. Alþingi Íslendinga samþykkti aðildina fyrir sitt leyti í desembermánuði og þjóðþing allra hinna EFTA-ríkjanna hafa staðfest samkomulagið við Ísland. Framvegis verða EFTA-ríkin því 9, en upphaflega voru þau 7. Finnland gerðist aukaaðili nokkru eftir að EFTA stofnað.

Í dag falla niður allir tollar á íslenskum EFTA-vörum, aðallega iðnaðarvörum, í hinum EFTA-ríkjunum en verndartollur okkar gagnvart EFTA-ríkjunum lækka um 30% en verða síðan óbreyttir í 4 ár. Jafnframt lækka tollar á vélum til iðnaðarins úr 25% í 7% í 11% í dag á öllum nema sumum brýnustu lífsnauðsynjum almennings. […]

Fyrsti fundur EFTA-ráðsins eftir inntöku Íslands, verður haldinn n.k. fimmtudag, 5. mars og verður þá Ísland boðið hátíðlega velkomið í samtökin af formanni EFTA-ráðsins sem nú er Portúgali.

Vegarslóðinn niður í Leirufjörð.

„Hafna á beiðni landeiganda í Leirufirði"

Ísafjarðarbær á ekki að verða við beiðni landeiganda í Leirufirði í Jökulfjörðum um að vegaslóði frá Ísafjarðardjúpi yfir í Leirufjörð verði opnaður fyrir umferð. Þetta kemur fram í áliti Umhverfisstofnunar sem Ísafjarðarbær óskaði eftir, vegna beiðni landeigandans um að gera sumarfæran bílveg í Leirufjörð. Landeigandinn fékk upphaflega leyfi Ísafjarðarbæjar til að leiða jarðýtu niður í Leirufjörð til að koma í veg fyrir landbrot í firðinum. Úr varð jeppafær vegarslóði. Umhverfisstofnun metur það svo með tilliti til verndargildis svæðisins, að unnin hafi verið náttúruspjöll og líkur væru á frekari spjöllum ef ekki yrði gripið hið fyrsta til aðgerða til að fyrirbyggja frekari landsspjöll, bæði vegna hættu á aukinni umferð og jarðvegsrofi vegna úrrennslis.

Mál þetta hefur verið að velkj-ast milli landeigandans og Ísafjarðarbæjar á þriðja ár með viðkomu hjá lögreglustjóranum á Ísafirði, sem telur að lögbrot hafi aldrei verið framið. Fram kemur einnig í áliti Umhverfisstofnunar að vegurinn niður í Leirufjörð sé innan svæðis sem sé á náttúruminjaskrá. Þá bendir stofnunin á að vegaframkvæmdirnar séu innan svæðis sem lagt er til að verði gert að friðlandi í skýrslu Umhverfisstofnunar; Náttúruverndaráætlun 2004 til 2008. Svæðið sé þó ekki inni á náttúruverndaráætlun sem samþykkt var á 130 löggjafarþinginu. Í niðurstöðu lögreglustjórans á Ísafirði frá í fyrra sumar í kærumáli Ísafjarðarbæjar gegn landeigandanum í Leirufirði er bænum bent á mörg úrræði til að fá máli sínu framgegnt um lagfæringar og úrbætur á spjöllum t.d. með því að láta lagfæringar fara fram á kostnað landeiganda. Það hefur Ísafjarðarbær ekki gert og landeigandinn í staðinn fært sig upp á skaftið.

Tónleikar til styrktar Örnu Sigríði og Guðbjörtu Lóu

Tónleikar til styrktar Örnu Sigríði Albertsdóttir og Guðbjörtu Lóu Sæmundsdóttir verða haldnir í Ísafjarðarkirkju 7. mars nk. Báðar há þær drengilega baráttu um þessar mundir en Arna Sigríður lenti í skíðaslysi í Noregi í lok desember og Guðbjört Lóa hefur barist við krabbamein í um fjögur ár. Á tónleikunum koma fram Friðrik Ómar, Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson, auk þess sem Helga Margrét Marzellíusardóttir mun stíga á stokk.

Að sögn Gunnars Atla Gunnarssonar, formanns Sólrisunefndar, var hugmyndin meðal þeirra fyrstu sem spruttu upp fyrir Sólrisuhátíðina í ár og fannst umsjónarfólki hátíðarinnar sjálfsagt að láta verða af tónleikunum til styrkar stúlkunum tveimur, sem báðar hafa stundað nám við menntaskólann. Sólrisan greiðir allan kostnað við tónleikana og öll innkoma fer óskipt í styrktarsjóð stúlknanna. Tónleikarnir hefjast kl. 20.

– annska@bb.is

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 *eirikur@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is* – Anna Sigríður Ólafsdóttir, símar 456 4680 og 860 6062, *annska@bb.is* · Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, *tinna@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ·
Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Dansinn er tungumál sem nær til allra

Hin ísfirsk-ættaða Saga Sigurðardóttir bar sigur úr býtum í alþjóðlegri samkeppni danshöfunda í nútímaballett sem haldin var í Búdapest í byrjun árs. Saga Sigurðardóttir er fædd árið 1982 og er dóttir Sigurðar Péturssonar og Ólínu Þorvarðardóttur á Ísafirði. Hún var nemandi í Listdansskóla Íslands og útskrifaðist þaðan vorið 2003, ári eftir að hún tók stúdentspróf frá MR. Hún hélt þegar til frekara listnáms við danshöfundadeild Listaháskólans í Arnhem í Hollandi, þaðan sem hún útskrifaðist sem danshöfundur í nútímadansi í vor. Þess má geta að hún hlaut styrk til námsins frá Minningarsjóði Gyðu Maríasdóttur sem hún segir hafa verið ómetanlegan stuðning.

Saga hefur tekið þátt í alþjóðlegum danssýningum og sett verk á svið bæði hérlendis og erlendis. Og um þessar mundir sýnir hún „víkinga og gyðinga“ ásamt meðlimum danshópsins Good Company, þeim Margréti Bjarnadóttur, Anat Eisenberg og Noa Shadur, í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Þrátt fyrir að vera nýútskrifuð hefur Saga komið víða fram. Meðal annars tók hún þátt í verkinu „Rauðar liljur“ eftir Sveinbjörgu Þórhallsdóttur, sem danshópurinn Panic productions setti upp í Hafnarfjarðarleikhúsinu 2006 og „Von“eftir Láru Stefánsdóttur, sem flutt var í Íslensku Óperunni 2005 og í Art´s Depot í London 2006. Blaðið rabbaði við Sögu um dansferilinn.

– Hefurðu alltaf haft áhuga á dansi?

„Já, þannig er það nú. Ég byrjaði að dansa ballet þegar ég var sex ára, en þá heimtaði ég að fá að byrja í ballet og fékk það. Ég dansaði alveg fram á unglingsárin en þá breytti ég aðeins um og fór í djazzballett og frístæl og þess háttar dans sem manni fannst vera flottur á þeim árum. Þegar ég var 18 ára langaði mig að taka dansinn aftur af alvöru og byrjaði á nútímadansbraut Listdansskóla Íslands sem þá var nýstofnuð. Ég útskrifaðist þaðan þremur árum seinna og dansaði einn vetur með Íslenska dansflokknum sem nemi, en okkur útskriftanemunum var boðið að koma í starfsnám hjá flokknum þennan vetur. Eftir það fór ég út til Hollands í danshöfundanám við Listaháskólann í Arnhem. Það er fjögurra nám til BA prófs en ég kom inn á þriðja ári, þar sem ég fékk metna reynslu mína á Íslandi, og lauk því náminu á tveimur árum. Ég útskrifaðist í sumar á afmælisdaginn minn, 30. júní.

– Þú hefur tekið þér ýmislegt fyrir hendur síðan þá.

„Eftir útskrift vann ég með japanskri myndlistakonu í Amsterdam í haust að fjöllistaverkefni, þar sem saman koma tíska, vídeómiðlun og myndlist. Um er að ræða langtímaverkefni og sýningar munu poppa upp í mismunandi borgum næsta árið. Ég vann með myndlistakonunni að kóreógrafíunni. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni og svo víðfeðmt, það var heilt net af listafólki sem tengdist hverjum kafla og svo kom það allt saman og myndaði þessa sýningu.“

– Þú sigraðir í alþjóðlegri samkeppni danshöfunda fyrir stuttu þar sem þú sýndir þitt eigið verk, hvernig var það.

„Þetta var í fyrsta sinn sem ég kom opinberlega fram með mitt eigið verk, fyrir utan skólann. Það var ansi hressandi að fá svona fína viðurkenningu fyrir það.“

– Hvernig fer svona keppni fram?

„Ég sótti um í haust þegar opnað var fyrir umsóknir og fóru allar umsóknir sem bárust fyrir forvalsnefnd. Síðan var 30 verkum, sólóum og dúettum, boðið til keppninnar sem fór fram á fjórum kvöldum. Ég hafði samið verkið í vor fyrir tvo dansara en svo voru aðstæður þannig að annar dansarinn gat ekki komið með til Búdapest. Ég hitti því hinn dansarann í Búdapest og höfðum við þá fjóra daga til æfa saman og ég að læra hlutverkið. En þetta gekk vel upp hjá okkur.“

– Um hvað fjallar verkið þitt?

„Það fjallar um þrá og þörf fyrir nálægð. Ég kalla verkið In loving, en mér var hugleikinn ákveðinn líkamlegur segulkraftur, hvernig tveir líkamar dragast óhjákvæmilega hvor að öðrum.

Víkingar og gyðingar frumsýndir á Íslandi

– Saga er að fara sýna verk í Hafnarfjarðarleikhúsinu um þessar mundir.

„Við erum fjórar bekkjarsystur sem tókum okkur saman eftir útskrift, tvær erum við frá Íslandi og tvær frá Ísrael. Við ætlum að setja upp eitt verk hver undir titlinum Víkingar og gyðingar í Hafnarfjarðarleikhúsinu í lok janúar.“

– Eitt verkanna hlaut afar lofsamlega umsögn í þýska danstímaritinu Ballet-Tanz í ágúst síðastliðnum.

„Jú einmitt, það er verk annarrar ísraelsku stúlknanna, sem fjallar um hryðjuverk og fáránleika þeirra en um leið raunveruleika þeirra. Þetta er mjög áleitið verk og krefjandi bæði fyrir áhorfendur og flytjendur. Það vakti mikla athygli þegar við frumsýndum það í vor og komumst á síður þessa virta danstímarits þó að þetta hefði verið skólasýning. Sýningin í Hafnarfirði verður opinber frumsýning á verkinu í atvinnuleikhúsi.“

– Hvað er það við dansinn sem heillar þig? Geturðu fært það í orð?

„Ég held ég hafi fæðst með þessa sterku þörf fyrir að hreyfa mig og tjá mig með hreyfingu. Ég hef alltaf verið heilluð af ljóðlist og má segja að ég hafi fundið mínum skáldskap búning í dansinum.

– Er hægt að túlka hvað sem er með dansinum?

„Rétt eins og tónlist er dansinn tungumál sem nær til allra. Það eru þessu líkamlegu skilaboð sem geta hrifið mann innan frá, sama hvaðan maður er eða hvaða tungumál maður talar.

– Hefurðu í hyggju að fara út í atvinnumennsku hér á Íslandi eða eru möguleikarnir meiri erlendis?

„Það eru meiri möguleikar erlendis, það er alveg víst. Við erum svo fá hér á Íslandi og því ekki eins mikið af tækifærum. Það er þó allt að braggast og það eru að spretta upp hópar og starfsemi fyrir danslist. Ég er mjög bjartsýn á framtíðina í þeim málum. En ég stefni þó á að sækja líka út til þess að vera alltaf opin fyrir því hvað gerast í heiminum svo maður einangrist ekki í snjónum heima á Íslandi.“

Íslendingar metnaðarfull börn í dansinum

– Á dansmenningin á Íslandi sér djúpar rætur eða er hún ung?

„Það er bara rétt rúmur áratugur síðan nútímadansflokkurinn var stofnaður á Íslandi þannig að það má nú segja að við séum börn ennþá hvað þetta varðar. En samt mjög metnaðarfull börn.“

– Voru margir Íslendingar með þér í skólanum úti í Hollandi?

„Við vorum þrjár íslenskar stúlkur sem kláruðum þessi tvö ár saman. Önnur þeirra er einmitt ein af danshópnum Good Company sem er að fara sýna í Hafnarfjarðarleikhúsinu, hún Margrét Bjarnadóttir. Sú þriðja, Tanja Marín Friðjónsdóttir, starfar um þessar mundir með dansflokki í Belgíu. Hlíf Svavarsdóttir var skólastjóri dansdeildarinnar úti í Arnheim í mörg ár en hún sagði skilið við skólann á sama tíma og við. Það hafa nokkrir Íslendingar numið við skólann í gegnum tíðina og við höfðum heyrt gott af honum getið. Þannig æxlaðist það að við fórum út.“

– Hvað er svo næst á dagskrá hjá þér?

„Ég er bara ekki viss, ekki nema þær sýningar sem mér hefur verið boðið að taka þátt í eftir sigurinn í keppninni í Búdapest. Okkur hefur sem sagt verið boðið að sýna í þremur í borgum í Evrópu í sumar. Svo leiðir oft eitt af öðru, en eins og er tek ég einn mánuð fyrir í einu. Ég þyrfti í raunninni að taka mánuð núna fyrir sjálfan mig til að melta þetta allt.“

– Þú hefur verið haft nóg að gera síðan þú útskrifaðist.

„Já það má segja það og þótt maður sjái ekki árangurinn af vinnunni alveg um leið þá trúi ég því að þetta leiði mann eitthvert á endanum.

–Nú búa báðir foreldrar þínir á Ísafirði, dvelurðu mikið á Ísafirði?

„Þau fluttu til Ísafjarðar fyrir fimm árum síðan, en ég hef ekki búið á Ísafirði nema yfir sumar og jól. En stærsti hluti föðurfjölskyldu minnar býr á Ísafirði þannig að ég hef alltaf verið þar með annan fótinn síðan ég var lítil.“

– Heldurðu að þú eigir eftir að sýna dansverk á Ísafirði einhvern tímann?

„Alveg örugglega, ég stefni á það“, segir dansarinn og danshöfundurinn ungi Saga Sigurðardóttir sem nú þegar er farin að láta að sér kveða í dansheiminum.

Hús Júlíusar Geirmundssonar endurbyggt?

Magnús Geir Helgason á Ísafirði hefur sótt um leyfi til umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar um að endurbyggja hús yfir kjallara sem stendur eftir af húsi Júlíusar Geirmundssonar í Fljótavík í Sléttuhreppi. Umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við framkvæmdina, en leggur til við bæjarstjórn að leitað verði heimilda Skipulagsstofnunar til að veita byggingarleyfi. Umhverfisnefnd bendir á að fullnaðar byggingarnefndarteikningar þurfi að liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt. Umsækjandi hefur skilað inn samþykki eigenda hússins á framkvæmdinni.

Grunnskólanemum fækkaði

Nemendur í grunnskólum á Vestfjörðum voru 1.147 á síðasta ári en þeim hefur farið fækkandi frá því á árið 1997 þegar þeir voru 1.431. Nokkuð jafnt er skipt á milli kynja en 567 stúlkur sóttu nám við vestfirska skóla 2006 á móti 580 drengjum. Árið 1997 voru drengirnir hins vegar 728 talsins og stúlkurnar 703. Vestfirskum nemendum fækkaði jafnt og þétt síðasta áratuginn. Þá voru 492 nemendur í fjölmennasta grunnskóla Vestfjarða, Grunnskólanum á Ísafirði, í fyrra en þeir voru 546 árið 2001.

Hver er ábyrgð Marels?

„Marel ber margvíslega samfélagslega ábyrgð“ sagði talsmaður fyrirtækisins í sjónvarpsviðtali sama dag og tilkynnt var um að Marel hefði ákveðið að loka starfsstöð sinni á Ísafirði. Það vafðist ekki fyrir stjórnendum Marels að svipta þar með 25 starfsmenn atvinnunni; svipta fámennt byggðarlag mikilvægri máttarstoð í atvinnulífinu. Eftir sitja 25 fjölskyldur í uppnámi, uggandi um framtíðina – heilt byggðarlag felmtri slegið yfir ótíðindum enda viðbúið að atgerfisflótti og búseturöskun fylgi í kjölfarið.

Hví skyldu stjórnendur stórgróðafyrirtækis velta slíkum hlutum fyrir sér? Þess væntir trúlega enginn. En að þeir skuli hafa kjark til þess að tala í sama orðinu um „samfélagslega ábyrgð“ það er meiri ósvífni en maður hefði búist við að óreyndu.

Hagræðingarkrafan?

Í máli Magnúsar Þórs Ásmundssonar, framkvæmdastjóra framleiðslusviðs Marels, kom fram fram að miklar breytingar hafi orðið á rekstrarumhverfi Marels undanfarin tvö ár. Á síðasta ári keypti fyrirtækið tvö stór fyrirtæki, AEW Delford Systems á Englandi og Scanvægt í Danmörku. Við þetta tvöfaldaðist Marel að stærð og rekur nú á fimmta tug starfsstöðva í 22 löndum, eins og fram hefur komið í fréttum.

Var helst á manninum að skilja að vegna þessarar velgengni fyrirtækisins væri nú öldungis óhjákvæmilegt annað en að stefna á frekari „samþættingu“ fyrirtækjanna í eigu Marels, „finna samlegðaráhrif og hagræða í rekstrinum“ eins og það var orðað. Já, þegar velgengnin er sem mest, þá er um að gera að hagræða og græða meira.

Ekki eru mörg ár síðan talsmenn þessa sama fyrirtækis komu hingað vestur í þeim erindum að innlima annað, rótgróið tæknifyrirtæki, Póls – einmitt til þess „að ná fram samlegðaráhrifum í innkaupum og sölukerfi“ eins og það var orðað á þeim tíma. Fram hefur komið að forsvarsmenn Marels fullvissuðu þá ráðamenn bæjarins um að Marel stundaði ekki uppkaup fyrirtækja til þess að leggja þau niður. Við sjáum nú hve mikið var að marka það tal. Nú vitum við að það var álíka öfugmæli og tafsið um „samfélagslega ábyrgð“ sem hraut af vörum framkvæmdastjóra framleiðslusviðs Marels í sjónvarpsviðtalinu nú síðast.

Ímyndin?

Á síðustu árum hefur athygli markaðsfræðinga beinst

Ólína Þorvarðardóttir.

í vaxandi mæli að ímynd fyrirtækja. Góð ímynd er yfirleitt talin jafngildi hagnaðar eða gróða – enda verja mörg þeirra háum fjárhæðum til ímyndarsköpunar. Marel er fyrirtæki sem hefur haft á sér þokkalegt orð til þessa. Meðal annars þess vegna hef ég, líkt og margir, keypt í því hlutabréf. Minn hlutur er að sjálfsögðu hverfandi lítill á mælikvarða þeirra fjármuna sem höndlað er með í rekstri Marels. En sem hluthafa og velunnara fyrirtækisins til þessa, svíður mér að horfa upp á þessar aðgerðir. Þær eru skeytingarlausar gagnvart samfélagslegum og mannlegum gildum – gerðar í hagnaðarskyni á kostnað annarra verðmæta. Auk alls annars trúi ég því að þær séu skaðlegar fyrir ímynd fyrirtækisins – en yfir því græt ég þurrum tárum úr því sem komið er.

Siðferðileg ábyrgð?

Hafi stjórnendur Marels nokkurn tíma leitt hugann að „samfélagslegri ábyrgð“ hefðu þeir að sjálfsögðu aldrei lagt niður starfsstöð í byggðarlagi sem sárlega þarf á slíkum atvinnurekstri að halda. Þeir

„Svei. Ég vil ekki eiga hlut í þessu fyrirtæki og mun selja mín bréf í Marel við fyrsta tækifæri.“

hefðu frekar látið þetta byggðarlag njóta góðs af samlegð og hagræðingu, t.d. með því að færa hingað aukin verkefni.

Því miður virðist deginum ljósara að ekkert slíkt hefur hvarflað að þeim.

Samfélagsleg ábyrgð?

Stjórnendur Marels virðast ekki vita hvað samfélagsleg ábyrgð er. Og samfélagið – sem nært hefur starfsemi þeirra, komið undir þá fótunum, fært þeim þekkingu, mannauð og tækifæri í hendur – það hverfur í mistur gleymskunnar jafnóðum og það hefur skilað sínu hlutverki. Þegar útrásin er orðin að veruleika og viðskiptin farin að ganga greitt, þá eru það sko „stjórn fyrirtækisins“ og „hluthafarnir“ sem sýna þarf hagnaðinn, ekki samfélagið. Þetta eru nefnilega stórir kallar í alvöru bissness. Þeir keyptu upp tvö erlend stórfyrirtæki og urðu svo stórir að nú þurfa þeir að „hagræða“.

Svei. Ég vil ekki eiga hlut í þessu fyrirtæki og mun selja mín bréf í Marel við fyrsta tækifæri.

Ólína Þorvarðardóttir.
Höfundur býr á Ísafirði og hefur verið hluthafi í Marel.

72% grunnskólakennara með kennsluréttindi

Grunnskólakennurum með kennsluréttindi hefur fjölgað á Vestfjörðum á undanförnum árum. Á síðasta ári voru 164 starfsmenn við kennslu í grunnskólum hér vestra og af þeim voru 118 með kennsluréttindi eða 72%. Frá árinu 1998 voru um helmingur starfsfólks við kennslu með réttindi en á síðustu þremur árum hefur þeim fjölgað.

Konur eru sem fyrr í meirihluta í kennarastöðum en athygli vekur að hlutfall kynja hefur lítið sem ekkert breyst frá því á árinu 1998 þar sem 28% kennara voru karlkyns en á síðasta ári var það 27%. Að því er fram kemur hjá Hagstofunni Hagstofan eru kennarar með kennsluréttindi 4261 á landsvísu og fjölgaði þeim um 64 frá fyrra ári. Ekki hafa áður verið fleiri réttindakennarar starfandi í íslenskum grunnskólum frá upphafi gagnasöfnunar Hagstofu Íslands haustið 1997.

Grunnskólinn á Ísafirði.

■ STAKKUR SKRIFAR

Vegabréfið takk – ertu dóni?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Verður þetta spurningin sem ferðamenn fá að heyra þegar þeir koma til Íslands framvegis? Upphaflega var ætlunin að fjalla um stjórnmál bundin Vestfjörðum, nú þegar Kristinn H. Gunnarsson kemur með fjórða andlitið, hið fyrsta var Alþýðubandalagsandlit, hið næsta var óháð, en það orð hefur stjórnmálamönnum tekist ekki aðeins að ræna merkingu heldur að gera að orðskrípi, hið þriðja var Framsóknarandlit og loks er nú fætt nýtt andlit á Kristinn, Frjálslynda flokksins. Sé heildarmyndin skoðuð í þessu samhengi hljóta hugsandi menn að velta því fyrir sér hvað sé klám og hvað ekki.

Þrátt fyrir að tíð flokkaskipti þessa dagana veki upp spurningar um það hvort alþingismönnum sé ekki ljóst hvað þeir vilja í þeim efnum má segja að þeir hafi nú slegið nýjan tón og verið sammála allir sem einn og máð út skilin milli stjórnarandstöðu og stjórnar með svo léttum og leikandi hætti að önnur eins tilþrif hafa ekki sést á nútíma Alþingi og vart á Alþingi fyrri alda. Þar slógust menn út af kvennamálum og drekktu svo þeim ógæfusömu konum sem orðið höfðu barnshafandi af völdum ýmissa og þar á meðal embættismanna er áttu þingsetu. Nú er allt breytt. Fólk sem hugsar dónalega og sýnir það í verki þótt með lögmætum hætti sé í þeirra heimalandi á ekkert erindi í hið hugsana- og verkahreina Ísland. Það var mikið! myndi einhver hafa sagt, þyrði hann að láta hugsun sína í ljós. Reyndar var Kristinn utan flokka um skeið og kannski telst það ekki að vera óháður, en það er bitamunur, ekki fjár.

Það er vart nema von að Frjálslyndi flokkurinn hafi gleymt í hita leiksins, meðan barist var gegn því að ákveðinn hópur fólks fengi að koma til Íslands hreina og fagra, að fjalla um stjórnarskrárbrotin, sem þeir töldu fyrir stuttu síðan, er flokkaskiptingar fóru á stjá. Kannski gilda aðrar reglur við inngöngu í Frjálslynda flokkinn en útgöngu. Þá muna menn eftir samvisku þingmanna, sem kom svo glöggt í ljós í síðustu viku.

Alþingismenn ættu nú eftir hitann sem þeir töluðu sig upp í að reyna að skilgreina hugtakið klám. Það hefur ekki tekist enn, þótt oft hafi verið leitað sannleikans í því heita máli. Svo er spurningin hvað geri eigi við þá sem gengið hafa lengra en fólkið sem vildi verja fríinu sínu á Íslandi. Verða ferðamenn framvegis að mæta með sakavottorð og ferilskrá upp á vasann vilji þeir fá inngöngu í hið siðprúða samfélag Íslendinga, sem eiga reyndar hvert heimsmetið á fætur öðru varðandi börn fædd utan hjónabands? Verður þeim sem dæmdir hafa verið fyrir lögbrot, að ekki sé talað um fyrir að vera berrassaðir eða þaðan af verra, úthýst? Ætla Íslendingar kannski að ganga lengra en forseti ónefnds ríkis, sem lengi hefur haft guð og siðprýði á vörum sínum og verið mikið ræddur á Alþingi? Þarf framvegis siðferðisvottorð til að komast til Íslands? Þá förlar ferðaþjónustu.

Dæmdur fyrir að veitast að lögreglumanni

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt karlmann í þriggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn valdstjórninni en maðurinn veittist að og hafði í hótunum við lögreglumenn. Ákærði játaði fyrir dómi að hafa veist að lögreglumanni sem hafði afskipti af manninum vegna starfs síns fyrir utan samkomuhúsið Baldur í Kaldrananeshreppi og hafa hótað tveimur öðrum lögreglumönnum en hótanirnar voru til þess fallnar að vekja hjá þeim ótta um velferð sína. Þá hafði ákærði sparkað og slegið í lögreglumanninn og bitið hann í hægri framhandlegg, rétt ofan við úlnlið. Dómsorð urðu þau að ákærði sæti fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð. Ákærði skal greiða 101.670 krónur í sakarkostnað og þar með talda þóknun verjanda síns.

Félagsmálaráðherra fundaði um innflytjendamál

Félagsmálaráðherra, Magnús Stefánsson boðaði til fundar í Þróunarsetrinu á Ísafirði í síðustu viku og var tilgangur fundarins m.a. að ræða málefni Fjölmenningarsetursins og Alþjóðahúss sem og innflytjendamál. Stefnumótun ríkisins í innflytjendamálum var einnig rædd, auk nýrrar stefnumótunar Austfirðinga um málið. Að sögn Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga, eru flest sveitarfélög með drög að einhvers konar stefnumótun í innflytjendamálum og það sama er uppi á teningnum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Á fundinum var hlutverk Fjölmenningarseturs og framtíðarsýn rædd með sérstöku tilliti til framtíðar setursins innan félagsmálaráðuneytisins. Félagsmálaráðherra segir mikilvægt að samhæfa sem best þá þjónustu og krafta sem varða málefni innflytjenda og íslensks samfélags. Fundurinn var meðal annars haldinn til að fara yfir þau mál. Fundargestir voru sammála um að fundurinn hefði verið góður og gagnlegur.

Auk ráðherra og Halldórs sátu fundinn Elsa Arnardóttir, forstöðukona Fjölmenningarsetursins, Guðmundur Páll Jónsson, aðstoðarmaður ráðherra, Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins, Einar Skúlason forstöðumaður Alþjóðahúss og starfsfólk Ísafjarðarbæjar.

– tinna@bb.is

Félagsmálaráðherra og gestir nutu veitinga í boði bæjarstjóra á bolludaginn.

Mistekist að koma á samkeppni á raforkumarkaði

Það er verið að búa til einn samansúrraðan einokunarrisa, sagði formaður vinstri grænna í þingræðu um frumvarp ríkisstjórnarinnar um að leggja Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða undir Landsvirkjun. Fjármálaráðherra segir ljóst að markaðsvæðing raforkukerfisins hafi ekki tekist sem skyldi og mistekist hafi að koma á samkeppni. Ríkisstjórnin vill gera Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins að dótturfélögum Landsvirkjunar, bæði til að ná fram hagræðingu og til að styrkja eiginfjárstöðu Landsvirkjunar.

Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða hf., á Ísafirði.

Steingrímur J. Sigfússon spurði hvort þetta væri brandari og spurði hvort ríkisstjórninni væri alvara með því að fá þetta afgreitt á síðustu dögum þingsins. Jú, mönnum er alvara, svaraði fjármálaráðherra. Samkeppniseftirlitið telur að með breytingunni kunni Landsvirkjun að komast í markaðsráðandi stöðu í smásölu raforku til almennings. Því hyggst ráðherra mæta með því að kveða á um að skilið verði á milli framleiðslu og sölu raforku innan Landsvirkjunar, en jafnframt viðurkenndi hann að markmið Evrópusambandsins um markaðsvæðingu raforkukerfisins, sem Íslendingar fóru eftir, hefðu mistekist. Evrópusambandið reyni nú að greina hversvegna samkeppni náist ekki.

Frá þessu var greint á visi.is.

Fasteignamarkaðurinn að lifna við

Eftirspurn eftir fasteignum á Ísafirði og nágrenni hefur aukist í febrúar og segir Guðmundur Óli Tryggvason, löggiltur fasteignasali hjá Fasteignasölu Vestfjarða, að markaðurinn sé að taka við sér eftir áramótin. „Fasteignamarkaðurinn hefur lifnað við í febrúar eftir frekar rólega mánuði þar á undan. Nægt framboð er á stærri eignum núna, hins vegar er lítið framboð af góðum tveggja og þriggja herbergja íbúðum," segir Guðmundur Óli.

Eins og greint hefur verið frá hækkuðu fasteignagjöld í Ísafjarðarbæ um 8-20% eftir stærð, gerð og staðsetningu fasteigna. „Hækkun fasteignagjalda kemur örugglega til með að skipta máli þegar fólk hugar að fasteignakaupum en á móti spilar einnig að húsaleiga hefur farið hækkandi síðastliðið ár og líklega ekki verri kostur að kaupa út frá því sjónarhorni", segir Guðmundur Óli aðspurður um áhrif hækkana fasteignagjalda á markaðinn.

– thelma@bb.is

Óléttupróf fyrir eldisþorsk

Matvælarannsóknir Íslands (Matís) hefur í samvinnu við nokkur fyrirtæki, m.a. Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., og Háafell hf., á Ísafirði, hannað búnað sem gerir fyrirtækjum í fiskeldi mögulegt að segja til um hvort þorskur verði kynþroska og hrygnir að vori. Búnaðurinn er hluti af verkefni sem felst í því að rannsaka hvernig hægt er að koma í veg fyrir kynþroska hjá þorski í eldi. Mikilvægi þessa felst einkum í því að þegar þorskur í eldi verður kynþroska, lengist eldistíminn til muna. Búnaðurinn getur því einfaldað umsjón með eldisfiski og stuðlað að hagræðingu í þorskeldi.

Búnaðurinn, sem er í raun nokkurs konar óléttupróf, getur greint með verulegri nákvæmni minnstu breytingar í kynhormónum fisksins. Helstu kostir óléttuprófsins eru þeir að fyrirtæki í fiskeldi geta fylgst náið með þróun fiska í ákveðnum eldiseiningum. Þá er hægt að nota prófið til að flokka fisk eftir kyni en slíkt getur verið mikilvægt m.a. í kynbótastarfi. „Eldisþorskur verður yfirleitt kynþroska tveimur til fjórum árum fyrr en villtur þorskur þar sem eldisþorskur vex hraðar vegna aðgengis að fóðri og betri lífsskilyrða almennt. Hins vegar hefur kynþroski eldisþorsks hamlandi áhrif á vöxt og eldistími lengist því til muna. Kynþroskinn veldur stöðnun í vöðvavexti því fiskurinn notar alla orku í að þroska kynkirtla. Þess vegna er óléttuprófsbúnaðurinn mikilvægur til að setja til um breytingar á kynhormónum fisks og auðvelda skipulagningu á eldi fram í tímann," segir dr. Þorleifur Ágústsson, verkefnastjóri hjá Matís.

Verkefnið, sem stýrt er af vísindamönnum hjá Marís, felst í því að rannsaka hvaða leiðir eru færar til að tryggja að eldisfiskur nái sláturstærð á sem skemmstum tíma. Í verkefninu eru notuð sérhönnuð ljós fyrir sjókvíeldi sem koma í veg fyrir að þorskurinn upplifi skammdegið, en þegar sumri fer að halla og sól lækkar á lofti fer þorskurinn að þroska með sér kynkirtla. Hann verður svo kynþroska að vori og hrygnir í febrúar til maí.

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., tekur þátt í verkefninu.

Hönnun á búnaðinum, sem er hluti af Evrópuverkefninu Codlight-Tech, er samstarfsverkefni Matís, Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal, Háafells ehf., á Ísafirði, Vaka-DNG á Íslandi, Háskólans í Stirling, Johnsons Seafarms í Skotlandi og á Hjaltlandseyjum, Hafrannsóknastofnunarinnar í Bergen, Fjord Marin í Noregi og Landbúnaðarháskólans í Uppsala í Svíþjóð.

„Ég kunni mjög vel við mig. Ég var náttúrulega allt öðruvísi en allir aðrir, hávaxnari og ljóshærður, og vakti því mikla athygli. Svo þurfti maður að venjast ýmsu eins og að standa upp og hneigja sig þegar kennarinn kom inn í kennslustofuna og þess háttar. Stólarnir og borðin voru líka alltof lítil en það vandist ágætlega.“

Skiptinemi í landi hinnar rísa

Ísfirðingurinn Gísli Kristjánsson dvaldi sem skiptinemi í Japan í ellefu mánuði á vegum AFS (alþjóðleg sjálfboðaliða- og fræðslusamtök). Gísli er fæddur í Japan en flutti þaðan aftur heim til Íslands tíu mánaða gamall og átti því engar minningar frá landinu þegar hann kom þangað fyrir ári síðan. Gísli kynntist ólíkum menningarheimi í landi rísandi sólar eins og Japan er oft kallað. Japan er í Austur-Asíu og samanstendur af röð eyja. Landið býr yfir mikilli og fornri menningu en þjóðin er einnig mjög framarlega í tæknivæðingu.

Gísli er nú snúinn aftur heim til Ísafjarðar og stundar nám við Menntaskólann á Ísafirði sem er mjög frábrugðinn skólanum sem hann sótti í Tamana city í Kumamotohéraði í Japan. Bæjarins besta hitti Gísla skömmu eftir heimkomuna og spurði hann spjörunum úr um dvöl hans í Japan.

– Hvernig kom það til að þú ákvaðst að fara út til Japan sem skiptinemi?

„Ég fæddist í Japan því að pabbi fékk styrk til að sækja nám í Tókýó um það leyti sem ég fæðist. Svo langaði mig til þess að læra japönsku og til að prófa eitthvað allt öðruvísi, en mér fannst mjög spennandi hve landið er frábrugðið Íslandi.“

– Kunnirðu eitthvað í tungumálinu vegna upprunans þegar þú fórst út?

„Ég kunni enga japönsku. Málfræðin og málnotkunin er allt öðruvísi en í íslensku og ensku. Það var því frekar erfitt að læra tungumálið. Táknin eru líka svo ólík. Japanir eru með tvö hljóðastafróf og svo kanji sem eru kínversk tákn. Það var mjög erfitt að læra kanji þar sem eitt tákn getur þýtt eitt orð og svo þýtt eitthvað allt annað þegar það stendur með öðrum táknum. Ég náði að læra um fimm hundruð af þeim á meðan ég var úti. Ég lærði þá bæði að lesa og skrifa þau en maður getur lesið hvert kanji á a.m.k. tvo vegu. Hljóðastafrófin lærast hins vegar bara á nokkrum vikum.“

– Voru það ekki mikil viðbrigði að koma til lands svona gjörólíku Íslandi?

„Jú, allt er öðruvísi en það sem ég átti að venjast. Sárafáir tala ensku og fósturfjölskyldan mín talaði enga ensku. Japanir byrja að læra ensku á svipuðum aldri og Íslendingar en það ber ekki á neinni ensku í samfélaginu. Sjónvarpið er talsett og þeir læra eingöngu málfræði í skólanum og eftir menntaskóla gleyma svo flestir því litla sem þeir hafa lært.

Skólinn var gjörólíkur íslenskum skólum. Miklu strangari reglur eru í gildi og allir læra af fullum krafti til að komast inn í háskóla. Aðalmálið er að komast í gegnum inntökuprófið í háskólann en þegar maður er kominn inn er lítið mál að útskrifast. Því lærðu allir af kappi fyrir prófin og gerðu lítið annað. Áður en skólinn byrjar á morgnana eru aukatímar í boði og það á að vera val nemenda hvort þeir sæki þá en kennarar verða reiðir ef þeir mæta ekki og refsa þeim með aukaverkefnum og öðru slíku. Að skóla loknum sækja nemendur alls konar klúbbastarf í skólanum. Þar geturðu bæði valið um allskyns íþróttir og einnig annars konar tómstundir eins og að læra te-serímóníur, skrautskrift, söng, blómaskreytingar og fleira. Venjan er að krakkar velji sér einhvern einn klúbb þegar að þeir byrja á fyrsta ári í skólanum og haldi sig við það þangað til að menntaskóla lýkur.

Ég bjó í Kumomoto héraði á Kyushu sem er syðsta stóra eyjan í Japan. Um 1000 nemendur sóttu skólann sem ég var í en umgjörðin var mjög stór. Þar voru m.a. tennisvellir, handboltavellir, fótboltavöllur, rugbyvöllur, hafnaboltavöllur, tvö íþróttahús, bogfimiaðstaða og Júdó- og kendóhús.“

Gísli með fósturfjölskyldunni fyrir framan Mount Aso sem er stærsti eldfjallagígur í heimi.

– Hvernig kunnir þú við þig í skólanum?

„Ég kunni mjög vel við mig. Ég var náttúrulega allt öðruvísi en allir aðrir, hávaxnari og ljóshærður, og vakti því mikla athygli. Svo þurfti maður að venjast ýmsu eins og að standa upp og hneigja sig þegar kennarinn kom inn í kennslustofuna og þess háttar. Stólarnir og borðin voru líka alltof lítil en það vandist ágætlega.“

– En hvernig var heima fyrir?

„Fósturforeldrar mínir áttu þrjú börn en aðeins annar sonurinn bjó enn heima, hann er 27 ára. Hinn sonurinn og dóttirin eru uppkomin og flutt að heiman en ég hitti þau þó oft. Svo bjó amman einnig á heimilinu. Svo áttu þau hund og voru með fimmtíu hænur í garðinum sem tóku oft upp á því að byrja að gagga um miðjar nætur mér til lítillar ánægju. Fjölskyldan tók mér mjög vel og Japanir eru mjög indælir og gestrisnir. Þeir neita manni aldrei um neitt og þess vegna hefði maður getað vaðið alveg yfir þá hefði maður viljað. Mikil virðing er borin fyrir þeim sem eru eldri og er talað kurteisara mál við þá sem eru eldri eða hærra settir. Í skólum kalla t.d. yngri nemendurnir þá sem eldri eru, senpai í stað þess að kalla þá með nafni en það þýðir að þeir séu heldri en þeir sem yngri eru. Eins eru kennarar alltaf kallaðir sensei sem þýðir bara kennari. Japanir nota oft stöðuheiti fólks í staðinn fyrir raunveruleg nöfn þeirra og eins er oft talað um t.d. stóru systur og litla bróður.“

– Fannst Japönum ekki erfitt að bera fram íslenska nafnið þitt?

„Jú þeir báru það fram Gisuri. Í japanska stafrófinu er ómögulegt að bera fram s og l saman en þar fylgir alltaf sérhljóði með samhljóða. Svo eiga þeir ekki l í stafrófinu og bera fram lint r í staðinn.“

Tár felld við minnisvarðann

–Eru Japanir ekki mjög tæknivæddir?

„Jú þeir eru mun tæknivæddari en við enda kemur svo margt í tækni frá Japan. Það bar samt ekki á því í skólanum. Þar voru t.d ekki notaðar tölvur í kennslustofum eða neitt slíkt. En annars staðar eins og t.d. í bílunum eru þeir með sjónvörp og DVD og GSP tæki. Allir símar eru líka tæknilegri og m.a. hægt að horfa á sjónvarp í mjög góðum gæðum í þeim.“

– Eru slíkir hlutir ódýrari í Japan vegna mikils framboðs en í Evrópu?

„Allt er ódýrara en hér á Íslandi. Tókýó á t.d. að vera dýr borg en þar er allt ódýrara en hérlendis.“

– Fékkstu tækifæri til þess



Fósturforeldrarnir og vinir.

Gísli með Súmóbörnum.

Gísli ásamt skólafélögum sínum.

„Flestir Japanir eru shinto- eða búddatrúar en samt eru jólin alltaf að koma meira inn hjá þeim. Það er þá ekkert tengt trúnni heldur meira um að verslunarhverfi sé skreytt og þess háttar. Fjölskyldan mín vildi halda upp á jólin fyrir mig og á aðfangadag borðuðum við kjúkling og pítsu og í eftirrétt var borin fram jólakaka með kertum á. Svo þegar matnum var lokið var bara allt búið. “

ísandi sólar

að skoða þig um í Japan?

„Ég ferðaðist töluvert með fjölskyldunni minni og fór meðal annars til Tókýó og Nagasaki. Það var mjög skemmtilegt og fróðlegt. Við heimsóttum t.d minningarsafnið um atómsprengjuna í Nagasaki og maður áttaði sig ekki á því fyrr hversu mikil eyðileggingin var og hvað hún snertir marga enn þann dag í dag. Margir voru grátandi við minnisvarðann. Tókýó var svo risastór, þar var allstaðar allt troðið af fólki og ekkert nema háar byggingar. Allt öðruvísi en það sem maður á að venjast hérlendis.“

– Var ekkert erfitt að venjast öllum siðunum?

„Það var margt skrýtið til að byrja með en það vandist hægt og rólega. Þeir voru líka ekkert að stressa sig á því ef ég gerði eitthvað vitlaust því þeir taka alveg tillit til þess að maður er útlendingur og ætluðust ekki til að ég væri með þetta allt á hreinu. En það er mikill menningarmunur á þjóðunum. Maður áttar sig enn meira á því nú þegar ég er kominn til baka hve mikill munurinn er.“

– Er mikið af innflytjendum í Japan?

„Jú það er mikið af útlendingum sem búa í Japan. Mikið af Kínverjum og Kóreubúum t.d. En þar sem ég bjó var ekki mikið um útlendinga og því var alltaf glápt á mig hvert sem ég fór. Þannig var það allan tímann en ég vandist því með tímanum. Það var frekar óþægilegt fyrst en svo hafði ég bara gaman af því. Nú er svolítið skrítið að enginn horfir á mann og maður er ekkert óvenjulegur.“

– Hvernig er landslagið frábrugðið því sem við eigum að venjast á Íslandi?

„Það var mun meira um tré, allavega þar sem ég átti heima. Það var nánast út í sveit. Ég bjó í 60 þúsund manna bæ og allir voru með stóra garða þar sem ræktaðir voru alls kyns grænmeti og ávextir. Allar götur eru mjórri og öðruvísi en hér heima. Byggingarstíllinn var þó ekki mjög frábrugðinn. Nýrri húsin eru mjög svipuð húsunum hérlendis nema veggirnir eru mjög þunnir. Sumrin eru mjög heit og þá þarf maður kælingu innandyra en á veturna er jafn heitt inni í húsum og það er úti. Það var frekar óþægilegt, sérstaklega þegar maður vaknaði á morgnana.“

– Verður mjög kalt út í Japan?

„Þar sem ég bjó var ekki mjög kalt. Það snjóaði kannski einu sinni til tvisvar yfir veturinn. Ég bjó frekar sunnarlega í landinu og kaldasta tímanum á veturna var um 10 stiga hiti sem fór niður í 5 stiga hita. Á sumrin fer hitinn hins vegar alveg upp í 40 stig. En nyrst í landinu eru veturnir ekki svo ósvipaðir Íslandi. Landið er svo langt að það er mikill munur á veðurfari á sitt hvorum endanum. Japan er aðeins þrisvar sinnum stærra en Ísland en þar búa 120 milljónir.“

Hrísgrjón í öll mál

– Hvernig eru matarvenjur Japana?

„Eftir eina viku var ég kominn með nóg af hrísgrjónum og vissi ekki hvernig ég ætti að geta haldið þetta út allan tímann. Þeir borða hrísgrjón nánast í öll mál. Hrísgrjónin eru borðuð eintóm og mér persónulega finnst hrísgrjón ekkert sérstök á bragðið. En þetta vandist og eins að borða hráan fisk og kolkrabba og þess háttar. Hrár hvalur er til dæmis mjög góður og á því svæði sem ég bjó var hrátt hrossakjöt frægt og það er eitt besta kjöt sem ég hef smakkað. Núna saknar maður margs í japanskri matargerð sem manni

„Kingakuji“ hof úr gulli í Kyoto.

Á íþróttahátíð í skólanum.

Í vagni í Aso.

„Þeir borða hrísgrjón nánast í öll mál. Hrísgrjónin eru borðuð eintóm og mér persónulega finnst hrísgrjón ekkert sérstök á bragðið. En þetta vandist og eins að borða hráan fisk og kolkrabba og þess háttar. Hrár hvalur er til dæmis mjög góður og á því svæði sem ég bjó var hrátt hrossakjöt frægt og það er eitt besta kjöt sem ég hef smakkað. Núna saknar maður margs í japanskri matargerð sem manni fannst ekkert sérstakt í byrjun.“

fannst ekkert sérstakt í byrjun.

Mamman vaknar klukkan 6 á morgnana og býr til súpu, hrísgrjón og jafnvel fisk eða kjöt en það er alltaf heitur matur í morgunverð. Allt er borðað með prjónum nema steikur og þess háttar. Mér finnst mun þægilegra að borða með prjónum þar sem maður er með aðra höndina fría. Ávaxtaát er mjög árstíðabundið og fer eftir uppskerutíma ávaxtanna. T.d. var borðað mjög mikið af jarðarberjum á vorin, melónur á sumrin og svo appelsínur og epli á haustin og veturna.“

– Hvernig er fatatískan, gengur fólk um í kimonosloppum eða er það til hátíðabrigða?

„Dagsdaglega gengur fólk bara í venjulegum fötum en flestar stelpur voru í kimono á öllum hátíðum. Strákarnir ganga ekki mikið í kimono heldur eru í gallabuxum og þess háttar. Ég á hins vegar kimono og fór í honum á eina hátíð. Í skólanum eru krakkarnir allir í skólabúningi og í fyrstu fannst mér það hálfhallærislegt en núna þegar ég lít til baka finn ég hvað það var þægilegt að þurfa aldrei að hugsa í hvaða fötum maður ætti að mæta í skólann. Það voru strangar reglur sem giltu um skólabúningana og alltaf öðru hvoru var kannað hvort þeir væru í lagi. Þá var líka farið yfir hvort neglurnar og hárið samræmdist reglum skólans en það var mikið lagt upp úr að nemendur væru snyrtilegir og sem dæmi má ekki lita á sér hárið eða vera með eyrnalokka. Og strákarnir verða að vera með stutt hár.

Það er mikið um litlar hátíðir í Japan. Þá eru oft sýndir dansar og flugeldum skotið upp. Það er hins vegar ekkert um það um áramótin eins og hér á Íslandi. Áramótin eru samt stærstu hátíðahöldin í Japan og þá fá þeir frí í þrjá daga. Annars er ekki mikið um frí í Japan og sumarfríið hjá fólki kannski tveir, þrír dagar.

Flestir Japanir eru shintoeða búddatrúar en samt eru jólin alltaf að koma meira inn hjá þeim. Það er þá ekkert tengt trúnni heldur meira um að verslunarhverfi sé skreytt og þess háttar. Fjölskyldan mín vildi halda upp á jólin fyrir mig og á aðfangadag borðuðum við kjúkling og pítsu og í eftirrétt var borin fram jólakaka með kertum á. Svo þegar matnum var lokið var bara allt búið. Jóladagur kom svo upp á mánudegi og þá fóru allir í skólann og vinnuna.“

Gott að búa í Japan

– Eignaðistu góða vini á meðan dvöl þinni stóð?

„Já, marga góða vini. Allir voru mjög áhugasamir um mig og langaði til að kynnast mér. Í fyrstu var það erfitt þar sem ég talaði enga japönsku og þeir nánast enga ensku en svo lagaðist það. Ég fór að æfa körfubolta og kynntist mörgum í gegnum það auk þess sem maður eignaðist vini í bekknum.“

– Nú er algengt að unglingar fari út í drykkju og skemmti sér mikið á framhaldsskólaárunum, hvernig er það í Japan?



Gísli á súmóglímukeppni í Fukuoka.

„Þannig er það ekki þar. Allavega er mjög lítið um það og ef skólinn kemst að því er strangt tekið á því og viðkomandi rekinn úr skólanum. Skólinn ræður miklu um það sem unglingarnir gera í frítíma sínum líka. T.d. mega Japanir taka bílpróf þegar þeir eru 18 ára en ef þeir eru í skóla mega þeir ekki keyra fyrr en þeir eru orðnir 19 ára og hafa lokið náminu.“

– Gætirðu hugsað þér að setjast að úti í Japan eftir að hafa búið þar í tæpt ár?

„Já, ég gæti alveg hugsað mér að búa þar í einhvern tíma. Það er erfitt í byrjun þegar maður kann ekki tungumálið eða hvernig hlutirnir ganga fyrir sig en eftir smá tíma er mjög gott að vera þarna.“

– Hefur vestræna menningin ekkert náð teygja anga sína til Japan?

„Jú jú, það má til dæmis finna McDonald´s og Kentucky staðir út um allt. Japönum finnst allt sem kemur frá Bandaríkjunum og Evrópu mjög flott. Þeim finnst mjög gaman að syngja karaoke á ensku, enda eru þeir mikið fyrir karaoke. Það er þó ekki mikið um vestrænt sjónvarpsefni og þeir þættir sem eru sýndir eru allir talsettir. Stærstu kvikmyndirnar frá Ameríku og Evrópu eru samt sýndar þarna úti og þá gat maður valið hvort maður sæi þeir talsettar eða með texta. Þannig að alltaf þegar ég fór í bíó gat ég séð myndirnar á ensku. Þeir eru alltaf að verða vestrænni,“ segir Gísli Kristjánsson sem kynntist ólíkum menningarheimi þegar hann sneri aftur til landsins þar sem hann fæddist.

– thelma@bb.is

Gísli fyrir framan hof í Osaka.



Gísli með félaga sínum fyrir framan Kumamoto kastala.

Ellefu Ísfirðingar í Vasagönguna

Ellefu félagar í Skíðafélagi Ísafjarðar taka þátt í hinni árlegu Vasagöngu sem fram fer í Svíþjóð þann 4. mars n.k. Það vekur mikla athygli að af þessum ellefu félögum eru sjö konur. Þetta hlýtur að teljast einstakt því einungis er vitað til þess að sex íslenskar konur hafi áður lokið þessari 90 km löngu göngu. Þau sem eru skráð til leiks eru: Auður Yngvadóttir, Elías Sveinsson, Emelía Þórðardóttir, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðrún Jóhannsdóttir, Kristbjörn R. Sigurjónsson, Kristján Rafn Guðmundsson, Rannveig Halldórsdóttir, Skúli Berg, Sandra Dís Steinþórsdóttir og Stella Hjaltadóttir. Vasagangan er stærsta skíðagangan í heimi en árlega ganga þáttakendur, um 14.000 talsins, á skíðum milli bæjanna Sälen og Mora í miðhluta Svíþjóðar.

Ísafjarðarflugvöllur.

Fyllsta öryggis ávallt gætt á Ísafjarðarflugvelli

Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugstoða, segir að fyllsta öryggis sé ávallt gætt á Ísafjarðarflugvelli. Hún hefur sent blaðinu svar við grein Önnu Kristínar Gunnarsdóttur á bb.is þar sem m.a. kemur fram að flugleiðsögutæki á Ísafjarðarflugvelli sé orðið úrelt:

„Þegar umræddur búnaður var settur upp á Ísafjarðarflugvelli fyrir um tuttugu árum gerðu staðlar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ráð fyrir að nota þá aðflugsaðferð sem notuð hefur verið allar götur síðan, sem fyrst og fremst varðar staðsetningu hans og loftnetsgerð. Sendibúnaðurinn sem slíkur uppfyllir hins vegar alþjóðlega staðla að öllu leyti. Fyllsta öryggis er og hefur ávallt verið gætt og því hafa flugmálayfirvöld talið að það aðflugskerfi, sem rekið hefur verið með þessum hætti undanfarin ár, vera öruggt enda mörg dæmi um að þessari aðferð sé beitt erlendis. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að reglubundin sérþjálfun flugmanna hjá Flugfélagi Íslands, sem fljúga til Ísafjarðar, fer fram í flughermi fyrir þetta tiltekna aðflug. Þar með öðlast flugmenn sérþekkingu á aðstæðum í Ísafjarðardjúpi og aðfluginu sem um ræðir.“

Í greininni er varpað fram spurningu um hvort bilanir í aðflugsbúnaði valdi röskun á aðfluginu til flugvallanna tveggja, þ.e. Ísafjarðar og Þingeyrar. Tekið skal fram af þessu tilefni að aðflugsbúnaðinum er viðhaldið samkvæmt ströngustu kröfum og er með aðal- og varabúnaði. Bilun í aðalbúnaði á ekki að valda röskun á aðflugi þar sem varabúnaðinum er skipt inn á sjálfvirkan hátt. Á þessu ári verður fjárfest í nýjum blindaðflugsbúnaði fyrir Ísafjarðarflugvöll og hefst uppsetning hans á næsta ári. Stefnusendirinn verður settur á nýjan stað milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Þar með verður ekki lengur flogið yfir sendistöðina í aðfluginu eins og hefur orðið að gera til þessa vegna þess að núverandi sendir er staðsettur í Ögri við Ísafjarðardjúp.

Að því er varðar hugsanlegt næturjsónflug á Þingeyrarflugvelli er nauðsynlegt að reynsla komist á sjónflug til Þingeyrar áður en öryggisúttekt verður gerð á möguleikum á því að koma upp næturjsónflugi til og frá flugvellinum. Flugstoðir telja að í lok mars nk. hafi nægjanlegur fjöldi flugvéla farið um Þingeyrarflugvöll þannig að öryggisúttektin getur væntanlega hafist í apríl nk. Að öryggisúttektinni koma aðflugshönnuðir, flugmenn flugfélaga, sem nota flugvöllinn og aðrir fagaðilar er málið varðar.

Á þessu stigi er ekki hægt að spá fyrir um niðurstöðu á þessari úttekt. Hins vegar liggja fyrir skýrar tillögur um þá aðferð og aðstöðu, sem þarf að koma upp til þess að ná þessu markmiði. Því telja Flugstoðir rangt, sem fram kemur í greininni, að enn sé á huldu hvernig „aðstaða til næturflugs til Þingeyrar“ verður í framtíðinni. Öryggisúttekt, sem byggist m.a. á reynslu flugmanna er hins vegar óhjákvæmileg forsenda þess að koma upp slíku næturaðflugi, sem verður ekki tekið upp nema með heimild Flugmálastjórnar Íslands.

Af þessu tilefni skal bent á að miklar framkvæmdir hafa verið við flugbrautir og flugöryggissvæði á Ísafirði og Þingeyri á undanförnum árum og reyndar hefur Þingeyrarflugvöllur verið endurbyggður með bundnu slitlagi. Nú þegar þessum framkvæmdum er að mestu lokið verður megináhersla lögð á aðflugkerfi þessara flugvalla til að tryggja sem mesta nýtingu þessara mannvirkja og auka enn flugöryggi.“

– thelma@bb.is

Engar breytingar gerðar á nafngift á leiðinni um Arnkötludal

Engar reglur eru til um nafngiftir nýrra vega, segir í svari sem Leið ehf., barst frá Vegagerðinni vegna hugmynda um nýja nafngift á leiðinni um Arnkötludal og Gautsdal, en félagið lagði á dögunum til að væntanlegur vegur verði kallaður Arnkötludalsvegur í stað Tröllatunguvegar eins verið hefur. Eðlilegast er samkvæmt Vegagerðinni að besti og greiðfærasti vegurinn beri sama nafn og númer og áður „(60) Djúpvegur“ og þar sem sú leið sem farin verður hefur jafnan gengið undir nafninu Tröllatunguheiði sér Magnús V. Jóhannsson svæðastjóri á Norðvesturlandi ekki ástæðu til að breyta því.

Segir Magnús því verði talað um Djúpveg um Tröllatunguheiði. Í bréfinu kemur einnig fram að leiðin frá hringvegi í Hrútafirði norður í Steingrímsfjörð fái nýtt vegnúmer og heiti og hafa ýmsar hugmyndir verið viðraðar í því sambandi eins og t.d. Hólmavíkur-, Steingrímsfjarðar- og Strandabyggðarvegur.

Í bréfinu segir að vegir séu oft kenndir við örnefni í landslaginu sem þeir liggja um og hlutfallslega stuttir vegir geri það mjög gjarnan. Á lengri leiðum, sem skilgreindar eru af Vegagerðinni og hafa eitt númer, fara vegheitin ýmist eftir aðal kennileitum eða eftir áfangastað.

– annska@bb.is

Kröfu Ísafjarðarbæjar um ógreidd gatnagerðargjöld vísað frá Héraðsdómi

Héraðsdómur Vestfjarða hefur vísað frá kröfu Ísafjarðarbæjar um að Fiskmarkaður Flateyrar greiði 479.250 krónur ásamt dráttarvöxtum í ógreidd gatnagerðargjöld. Fiskmarkaðurinn neitaði að greiða gjöldin með vísan til þess að þau hafi verið greidd til Flateyrarhrepps við útgáfu byggingarleyfis árið 1980. Hélt stefndi því fram að öll tilskilin byggingarleyfis- og gatnagerðargjöld hafi verið greidd af fasteigninni Hafnarbakka 6 á Flateyri til Flateyrarhrepps á árinu 1980 og að byggingarleyfi hefði annars aldrei verið veitt á sínum tíma. Þar sem Flateyrarhreppur hafi sameinast öðrum sveitarfélögum í Ísafjarðarbæ benti stefndi á að öll gögn þessu til sönnunar lægu hjá stefnanda.

Til stuðnings sýknukröfunni vísaði Fiskmarkaðurinn einnig til þess að samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. sé óheimilt að grafa grunn eða reisa hús nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Þá sé einnig óheimilt að gefa út byggingarleyfi nema byggingarleyfisgjöld, svo og önnur tilskilin gjöld, til dæmis gatnagerðargjald, bílastæðagjald og tengigjöld, eftir atvikum, hafi verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Enn fremur benti stefndi á að í þágildandi lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 hafi verið kveðið á um að gatnagerðargjald væri gjaldkræft við úthlutun lóðar. Öll rök hnígi því í þá átt að gatnagerðargjald vegna byggingarinnar allrar hafi verið greitt á sínum tíma til Flateyrarhrepps og af þeim sökum geti Ísafjarðarbær ekki nú krafið stefnda um gatnagerðargjald að nýju vegna byggingarinnar. Málinu var vísað frá dómi án kröfu og var úrskurðað að Ísafjarðarbær greiði Fiskmarkaði Flateyrar ehf., 150.000 krónur í málskostnað.

– thelma@bb.is

Deiliskipulag fyrir Skrúð nær fullunnið

Vinna við deiliskipulag fyrir Skrúð, landið, umhverfi og aðkomu að því er á lokastigi. Í framhaldi af skiptingu lands milli eigenda Núps á síðasta ári, var Oddur Hermannsson landslagsarkitekt hjá Landformi á Selfossi fenginn til að gera deiliskipulagstillögu fyrir svæðið. Fulltrúi landeigenda mun kynna sér drögin að skipulaginu áður en það fer í almenna kynningu. 2.087 ferðamenn skráðu sig í gestabók Skrúðs síðasta sumar, en sumarið áður skrifuðu 1.840 sig í bókina. Fjölgunina má að hluta til rekja til þess að s.l. sumar var starfrækt sumarhótel að Núpi og ljóst er að fleiri ferðamenn koma á staðinn þegar meiri starfsemi er á svæðinu.

Yfir 20 starfsmenn missa vinnuna við lokun starfsstöðvar Marels hf á Ísafirði

„Miklar breytingar urðu á rekstrarumhverfi Marels hf., á síðasta ári. Þá keypti fyrirtækið tvö stór fyrirtæki, AEW Delford Systems á Englandi og Scanvaegt í Danmörku og við það tvöfaldaðist Marel að stærð. Í kjölfarið á samþættingarvinnu þessara fyrirtækja, þar sem reynt var að finna samlegðaráhrif og hagræða í rekstrinum, var tekin ákvörðun um að fækka starfsstöðvum til muna en Marel rekur í dag um 45 starfsstöðvar í 22 löndum. Ísland verður því miður ekki undanskilið í þeirri þróun,“ segir Magnús Þór Ásmundsson framkvæmdastjóri framleiðslu Marels, aðspurður um þá ákvörðun að loka starfsstöð fyrirtækisins á Ísafirði.

Magnús Þór Ásmundsson framkvæmdastjóri framleiðslu Marels fyrir framan starfsstöð fyrirtækisins á Ísafirði.

Magnús segir samþættingarvinnuna hafa hafist síðastliðið haust, en ákvörðun um að loka á Ísafirði hafi ekki legið fyrir fyrr en eftir áramót. „Við munum ræða við starfsfólkið um hugsanleg störf í Garðabæ,“ segir Magnús. Ekki geta þó allir starfsmennirnir fengið vinnu þar, því að sögn Magnúsar er ekki svigrúm til að bæta við yfir tuttugu stöðugildum, en 21 starfsmaður missir vinnuna við lokun starfsstöðvar Marels á Ísafirði.

„Stjórnendur hjá Marel taka nærri sér að fara út í svona aðgerð sem er erfið í alla staði. Þegar Marel keypti Póls bættu framleiðsluvörur þess síðarnefnda við framleiðslulínu Marels. Á þeim tímapunkti hentaði líka framleiðslugeta Póls. Það var aldrei ásetningur Marel að loka Póls. Svo er það bara þannig í þessari miklu samkeppni sem er í hátækniiðnaðinum. Við stækkunina á síðasta ári bættust fleiri inn í samstæðuna og við höfðum fleiri kosti. Við þurfum að bera rekstrarlegar skyldur gagnvart öllum og stundum bitnar það á þeim sem síst skyldi, sem er í þessu tilfelli Ísafjörður,“ segir Magnús þegar hann er inntur eftir svörum um hvers vegna það hafi aldrei heyrst aðrar raddir en jákvæðar varðandi rekstur starfsstöðvarinnar, þar til nú er reiðarslagið dynur yfir.

Ákveðið var að segja starfsfólki upp með sex mánaða fyrirvara í stað þriggja eins og yfirleitt tíðkast og segir Magnús helstu ástæðu þess vera þá að gefa starfsfólki umþóttunartíma með von um að einhver sjái sér kannski ástæðu til að kaupa þann framleiðslubúnað sem hér er og hefur starfsfólki verið boðinn hann til kaups. „Við myndum beina verkefnum hingað ef svo bæri undir“ segir Magnús.

Marel hefur sent töluvert af verkefnum til Rennex á Ísafirði og hvort framhald verði á því, verður framtíðin að leiða í ljós. „Bæði starfsstöðin á Ísafirði og í Garðabæ hafa sent verkefni til Rennex. Stundum mikið og stundum lítið, það er ekkert því til fyrirstöðu að það geti haldið áfram. Glerblásturskápur var á sínum tíma keyptur í sameiningu af 3X stál að hvatningu Marels, með það að sjónarmiði að geta fullunnið vörur hér,“ segir Magnús og bætir við að ljóst sé að kaup á þeirri þjónustu muni dragast saman.

Marel hf., rekur tvær starfsstöðvar hér á landi og aðspurður hvort Ísafjörður gæti ekki hentað sem aðalstarfsstöð fyrirtækisins segir Magnús. „Við erum að koma okkur upp stórum og afkastamiklum einingum og því miður er sá möguleiki ekki fyrir hendi á Ísafirði. Það er ekki nægt framboð á tæknimenntuðu fólki og hér er ekki nálægð við markaði. Staðurinn verður því útundan þegar á allt er litið. Ástæðan fyrir brotthvarfinu er þó ekki sú að hér gangi illa, en samanborið við aðrar einingar er hún ekki rekstrarlega góð,“ segir Magnús.

Póls sameinaðist Marel 1. september 2005, en Marel var þá búið að eiga fyrirtækið frá því í apríl 2004. Þegar Marel keypti Póls voru starfsmenn fyrirtækisins 32 þar af 26 á Ísafirði. Ásgeir Ásgeirsson, þáverandi framkvæmdastjóri Póls sagði í viðtali við Bæjarins besta í lok ágúst 2005 að ekki stæði til að fækka starfsmönnum enn frekar. Hann sagði einnig við sama tækifæri, mikil verðmæti felast í starfseminni á Ísafirði, sem fyrirtækið myndi viðhalda. Kaupin vöktu á sínum tíma blendnar tilfinningar bæjarbúa sem mörkuðust eflaust af þeirri döpru reynslu sem Vestfirðingar hafa af kaupum fyrirtækja annars staðar af landinu á fyrirtækjum á svæðinu. Fyrir rúmu ári sagði Hörður Ingólfsson, ráðgjafi hjá Marel og fyrrverandi stjórnarformaður Póls hf., sameininguna við Marel litlu breyta fyrir starfsmenn á Ísafirði og engin teikn væru á lofti um að draga þyrfti saman seglin í rekstri fyrirtækisins vestra. Sagði hann verkefnastöðuna sjaldan hafa verið betri hjá fyrirtækinu en þá.

Stærstu eigendur í Marel eru Eyrir Invest ehf. sem á 30,70% hlut í fyrirtækinu og Landsbanki Íslands hf. sem á 25,08%. Hagnaður Marels árið 2006 var 159 þúsund evrur samanborið við 5,7 milljónir árið 2005. Handbært fé í lok tímabilsins nam 63,1 milljón evra. Eigið fé rúmlega þrefaldaðist á árinu, hækkaði úr 41 milljón í 144 milljónir evra og eiginfjárhlutfall var 39,6% í árslok 2006. Sala ársins 2006 hjá fyrirtækinu nam alls 208,7 milljónum evra samanborið við 129 milljónir evra árið áður. Þetta kemur fram á heimasíðu Marels, en þar segir einnig „fjárfestingargeta félagsins til frekari ytri vaxtar er því umtalsverð án þess að til hlutafjáraukningar þurfi að koma.

Ísafjarðarbær tilbúinn til að bregðast við stöðunni

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar tekur fréttum um lokun starfsstöðvar Marels ehf. á Ísafirði mjög illa. Í samtali við blaðið sagði Halldór að því miður hafi hann haft blendnar tilfinningar um kaup Marels á Póls frá upphafi, því reynsla Vestfirðinga hafi verið döpur af eignarhaldi fyrirtækja annars staðar af landinu á fyrirtækjum á Vestfjörðum. Halldór segir þó að fréttirnar um lokunina hafi komið honum á óvart enda hafa allar fréttir frá fyrirtækinu undanfarin misseri verið mjög jákvæðar og ekki litið út fyrir annað en að allt hafi gengið vel.

„Hér er öflugt starfsfólk með gríðarlega þekkingu og því kemur á óvart að Marel vilji ekki nýta sér þetta“, bætir Halldór við. Honum finnst Marel ekki gera sér grein fyrir þeirri miklu ábyrgð sem fyrirtækið hefur og tók á sig með að kaupa Póls á sínum tíma, ekki aðeins gagnvart starfsfólki heldur einnig gagnvart byggðarlaginu.

Halldór vill þó horfa á tækifærin sem eru til handa starfsfólki Marels á Ísafirði en forsvarsmenn fyrirtækisins lýstu því yfir í samtali við bæjarstjórann að starfsfólk gæti keypt starfsstöðina og selt þaðan einhver framleiðslutæki sem Marel myndi kaupa. Annar möguleiki í stöðunni segir Halldór vera að athuga hvort 3X-Stál sjái sér fært að stækka fyrirtæki sitt og taka við einhverju af starfsfólki Marels, enda 3X-Stál afar öflugt og gott fyrirtæki.



Halldór Halldórsson.

„Ísafjarðarbær er tilbúinn til að vinna með [starfsfólkinu] að uppbyggingu nýrra tækifæra og við höfum tíma til 1. september til að vinna í þessum málum.“ Halldór leggur áherslu að við ástandinu verði að bregðast og sjá tækifærin í stöðunni, þetta sé glíma sem verði að vinna. „Það er það mikil þekking hér hjá starfsfólki Marel og 3X-Stál þannig að ef við stillum saman strengi gætum við byggt upp stórveldi á þessu sviði.“

Óska eftir svæði undir frístundabyggð

Hvíldarklettur ehf. á Suðureyri hefur óskað er eftir svæði undir frístundabyggð á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Um er að ræða 70m² frístundahús og í hverjum byggðarkjarna yrðu um 7-8 hús. Mikilvægt í staðsetningu frístundasvæðisins er að það sé í göngufæri við þjónustu á ofantöldum stöðum. Umhverfisnefnd bendir umsækjanda á skipulagðar frístundabyggðir innan Ísafjarðarbæjar. Einnig var rætt um önnur svæði sem hugsanlegan möguleika, en nefndin bendir jafnframt á að málið heyri undir aðalskipulag. Samkvæmt byggingarreglugerð er ekki heimild að veita stöðuleyfi fyrir frístundabyggð.

Henry Bæringsson á Ísafirði hefur farið þess á leit við bæjarráð Ísafjarðarbæjar að kaupa á húseignirnar að Árvöllum 18 - 26, Hnífsdal sem ákveðið hefur verið að rífa.

Vill kaupa raðhús við Árvelli

Henry Bæringsson á Ísafirði hefur farið þess á leit við bæjarráð Ísafjarðarbæjar að kaupa á húseignirnar að Árvöllum 18 - 26, Hnífsdal. Þetta eru alls fimm raðhús sem eru nú í eigu Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. Eignirnar eru á snjóflóðahættusvæði og féll þar síðast snjóflóð fyrir rétt rúmum tveimur árum. Í byrjun febrúarmánaðar gaf umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar grænt ljós á að húseignirnar skyldu rifnar.

Ofanflóðasjóður samþykkti í byrjun árs að taka þátt í kostnaði við hönnun, eftirlit, aðstöðu, niðurrif, jarðvinnu og plöntukaup. Ekki liggur fyrir á þessari stundu um hversu háar fjárhæðir er að ræða þar sem verkið verður boðið út í vor. Meirihluti bæjarráðs þakkaði Henry erindið, en benti á að samþykkt hefur verið að rífa húsin og ganga frá svæðinu, samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar þann 19. október 2006.

Sigurður Pétursson, úr minnihluta Í-lista, óskaði eftir því að það yrði bókað, að hann teldi rétt að bæjarstjóri ræddi við bréfritara áður en erindinu væri hafnað. – *annska@bb.is*

Opnir fundir Heilsueflingar í Ísafjarðarbæ

Frá árinu 2004 hefur félagsskapur áhugafólks um heilsueflingu staðið fyrir margvíslegum verkefnum undir heitinu „Heilsuefling í Ísafjarðarbæ". Um er að ræða grasrótarsamtök fólks sem vill leggja sitt af mörkum og stuðla með einum eða öðrum hætti að heilsueflingu og velferð íbúa bæjarfélagsins. Frá stofnfundinum 4. mars 2004 hefur ýmsu verið áorkað en verkefni framtíðarinnar eru mörg og áhugaverð.

Of langt mál er að telja upp öll þau verkefni sem Heilsuefling hefur staðið fyrir en meðal þeirra má nefna fyrirlestur næringarfræðings um næringu og heilsu, reykingavarnarnámskeið með Valgeiri Skagfjörð, starfsemi gönguhóps yfir sumartímann, rannsókn í samvinnu við útskriftarnema við íþróttakennaraskor Kennaraháskóla Íslands, skemmtun í miðbæ Ísafjarðar í samvinnu við Morrann og ábendingu til tæknideildar bæjarins um að setja fleiri bekki á þeim gönguleiðum sem eldra fólk fer helst svo heilsubótargangan geti

Sigríður R. Jóhannsdóttir.

orðið lengri. Þá hefur hópurinn frá upphafi unnið að bættri sundlaugar- og líkamsræktaraðstöðu á Ísafirði og átt fulltrúa í samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar og Ísafjarðarbæjar sem ber heitið Allt hefur áhrif, einkum við sjálf.

Til að efla starfsemi Heilsueflingar í Ísafjarðarbæ hefur verið ákveðið að opna mánaðarlega fundi nefndarinnar fyrir öllum bæjarbúum. Gefst þar með kjörið tækifæri fyrir fólk sem vill koma og starfa með hópnum eða þá bara að koma með hugmyndir um tilvalin heilsueflandi verkefni eða ábendingar um eitthvað sem betur mætti fara í bæjarfélaginu hvað varðar heilsueflingu og aðbúnað til heilsueflingar. Oftar er þrýstingur frá heilum hópi vænlegri til árangurs heldur en rödd eins einstaklings. Fundir Heilsueflingar eru alltaf kl. 17:00, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar og fara fram í fundarsal Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar (á 1. hæð, beint á móti tannlæknastofunni). Jafnframt er hægt að senda fyrirspurnir eða ábendingar á netfangið *heilsueflingisafj@simnet.is*.

Helstu verkefni sem framundan eru í starfsemi Heilsueflingar í Ísafjarðarbæ eru endurvakning á ferðafélagi í bæjarfélaginu og gerð gönguleiðahandbókar fyrir fjölskyldur í samvinnu við JCI Vestfirði. Auk þessa verður að sjálfsögðu unnið áfram að þeim verkefnum sem þegar eru í gangi, það er að þrýsta á bætta sundlaugar- og líkamsræktaraðstöðu, vinnu í Allt hefur áhrif og gerð heimasíðu með öflugu tenglasafni. Um önnur verkefni sem eru í deiglunni er ótímabært að ræða nú. Eru allir þeir sem hafa áhuga á að vinna með okkur að þessum verkefnum eða hinu margvíslega formi heilsueflingar hér með hvattir til að koma á fund eða að senda okkur netskeyti.

Framtíðarverkefni þess félagsskapar sem kýs að vinna að sínum hugarefnum undir merkjum Heilsueflingar í Ísafjarðarbæ eru margvísleg og væntanlega óþrjótandi. Rétt er þó að minna á að víða í bæjarfélaginu er unnið gríðarlega mikið og gott starf á þessu sviði og stór hluti bæjarbúa virðist huga að sínu heilbrigði með einum eða öðrum hætti. Aðaláskorunin fyrir félagsskap eins og Heilsueflingu í Ísafjarðarbæ er hins vegar ekki aðeins að viðhalda áhuga fólks á því að iðka heilsusamlega lífshætti, heldur ekki síður að ná til þeirra sem einhverra hluta vegna hafa ekki áhuga eða getu til þess. Því er mikilvægt að grasrótarstarf sem þetta verði styrkt í sessi svo hægt sé að gera gott bæjarfélag enn betra!

Fyrir hönd Heilsueflingar í Ísafjarðarbæ, Sigríður Ragna Jóhannsdóttir, formaður.

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 1 - Ísafirði • Sími: 456 3244

Guðmundur Óli Tryggvason
löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

Móholt 9, Ísafirði

Einbýlishús á einni hæð með samliggjandi bílskúr, samtals 218 m² að stærð, fimm svefnherbergi.

23.900.000,-

Fagraholt 10, Ísafirði

140 m² einbýlishús í Holtahverfinu með 34 m² sér bílskúr, fjögur herbergi.

21.400.000,-

Miðtún 37, Ísafirði

189 m² steinsteypt endaraðhús á tveimur hæðum, fjögur herbergi, nýlegt bað og eldhús.

21.300.000,-

Mjallargata 1, Ísafirði

75,6 m² Þriggja herbergja íbúð í fjölbýli, sérinngangur, geymsla í íbúð.

9.500.000,-

Stórholt 13, Ísafirði

70 m² þriggja herbergja íbúð á 2.hæð fyrir miðju í fjölbýli ásamt 20 m² bílskúr með nýrri hurð.

8.200.000,-



Skólastígur 24, Bolungarvík

140,2 ferm. parhús á tveimur hæðum, sem byggt var úr steinsteypu 1959, fjögur svefnherbergi.

7.200.000,-

Silfurgata 11, Ísafirði

125 m² fjögurra herbergja íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýlishúsi.

10,000.000,-

Bakkavegur 6, Hnífsdal

179,2 m² klætt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 23 m² bílskúr og sólskála.

15.900.000,-

Heiðarbraut 12 - Holt, Hnífsdal

220 m² Einbýlishús á tveimur hæðum. Neðri hæð er steypt en efri hæð er byggð úr timbri, bílskúr er ca 21 m².

18.000.000,-



Aðalstræti 13, Ísafirði

Samtals 184 m² 4-5 herbergja íbúð í tvíbýli í miðbæ Ísafjarðar, geymslur í kjallara og helmingur bílskúrs fylgir.

15.000.000

Blaðamaður

Blaðamaður óskast til starfa á Bæjarins besta og fréttavefinn bb.is. Um er að ræða fullt starf frá mars-apríl 2007.

Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku og góða almenna þekkingu, einkum á vestfirsku samfélagi. Jafnframt þarf hann að vera framtakssamur og áræðinn.

Nánari upplýsingar gefur Sigurjón J. Sigurðsson í síma 456 4560.

Á þriðja hundrað einkamál

255 almenn einkamál voru tekin fyrir í Héraðsdómi Vestfjarða árið 2006 sem er 1,8% af málum sem tekin voru fyrir í héraðsdómstólum landsins. Þetta kemur fram í úttekt Hagstofunnar á fjölda mála hjá héraðsdómstólum og afgreiðslu þeirra. Þá voru munnlega flutt mál 48 talsins eða 2,6% af þeim 1.879 sem flutt voru á landsvísu. Útivistarmál voru 207 talsins sem er 1,7% af þeim 12.386 sem tekin voru fyrir á síðasta ári. Þá voru 108 opinber mál tekin fyrir í Héraðsdómi Vestfjarða, 6 mál frá ríkissaksóknara og 102 frá lögreglustjórum.

Ferðafólk streymir til Ísafjarðar um páskana

Gistirýmum á Ísafirði fer fækkandi eftir því sem nær dregur páskum. Allt er uppbókað hjá Gamla gistihúsinu í Mánagötu að sögn Margrétar Jónsdóttur eiganda gisihússins. Einnig er búið að panta mörg herbergi á Hóteli Ísafirði, en þar er þó ekki orðið fullt. Gera má ráð fyrir því að tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður eigi hér nokkurn hlut í máli, enda búin að festa sig rækilega í sessi sem ein vinsælasta tónlistarhátíð landsins. Ferðafólk streymir því til Ísafjarðar um páskana til að njóta hátíðarinnar og dagskrár Skíðavikunnar.

Strandsiglingar – ölmusa eða þjóðþrifamál?

Grímur Atlason.

Fyrir 25 árum sigldu Heklan og Esjan hringinn í kringum landið og færðu landsmönnum vörur. Verslun dafnaði í byggðum landsins og fyrirtæki áttu þess kost að setja upp höfuðstöðvar og starfsstöðvar annar staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Með bættum vegum og markaðsvæddara þjóðfélagi færðust þessir flutningar á vegi landsins. Sjóflutningar lögðust af. Nú er svo komið að um vegi landsins þeysa trukkar með hundruð tonna af varningi dag hvern. Vegirnir láta á sjá og hættur fylgja þessum flutningum. Það sér það hver maður að þröngir malarvegir á Vestfjörðum eru ekki beinlínis kjörsvæði 18 hjóla vöruflutningabíls með tengivagn – svo ekki sé minnst á að vetrarlagi.

Marel og byggðaþróunin

Þetta er ein hlið málsins. Hin hliðin eru áhrifin á byggðarþróun í landinu. Flutningskostnaður er meiri á ákveðnum svæðum landsins en öðrum. Þannig búa Vestfirðingar við 30-40% hærri flutningskostnað en t.d. Akureyringar. Auk þess er öxulþungi oft takmarkaður sem rýrir flutningsgetuna umtalsvert. Möguleikar fyrirtækja, sem framleiða vörur, eru takmarkaðir við slíkar aðstæður. Þetta leiðir af sér einhæfni í atvinnulífinu sem aftur þýðir brothætt umhverfi. Þetta sést best á nýlegum fréttum þess efnis að Marel muni loka starfsstöð sinni á Ísafirði í haust. Tekin var ákvörðun um að draga saman í rekstri og stækka einingar. Einingin á Ísafirði átti aldrei möguleika í kapphlaupinu um að vera einingin sem myndi stækka. Það myndi aldrei svara kostnaði að keyra afurðirnar á vöruhótelin í Sundahöfn. Útflutningshöfnin Ísafjörður var aflögð þegar skipafélögin fóru á vegina.

Rangt að ESB banni styrki til strandflutninga

Stjórnvöld hafa keppst við að auglýsa eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og tilskipanirnar frá Brussel þegar kemur að strandsiglingum. Með því að telja okkur trú um að þessar stofnanir banni stjórnvöldum hér á Íslandi að koma að slíkum flutningum hefur þeim tekist að koma í veg fyrir löngu tímabærar aðgerðir í þessum efnum. En við skulum í eitt skipti fyrir öll eyða goðsögninni um að Evrópusambandið og EES samningurinn komi í veg fyrir og banni íslenskum stjórnvöldum að niðurgreiða strandsiglingar. Það eru beinlínis til kaflar í bókmenntum Evrópusambandsins og viðaukum með EES samningnum sem snúast um styrkingu strjálbýlla svæða. Ísland og Norður-Noregur eru þar tekin út fyrir sviga sem sérstakt viðfangsefni. Norðmenn hafa um árabil styrkt *Hurtigrutan* sem keppir við járnbrautir, vegi og flug um vöruflutninga frá Bergen til nyrstu bæja Noregs. Evrópusambandið er með sérstaka áætlun í gangi sem miðar að því að koma flutningum af vegum yfir á járnbrautir og fljót.

Óforsvaranlegt ástand á vegum

Hvernig má það vera að Vestfirðir og önnur svæði þar sem stjórnvöld hafa verið jafn lengi að ljúka við vegabætur og raun ber vitni þurfa að búa við þetta ástand? Það getur ekki verið í hag þjóðarinnar að íbúar á þessum svæðum þurfi að greiða meira fyrir vöru en aðrir landsmenn. Það er líka óforsvaranlegt að bjóða þessum vegslóðum upp á flutningabíla af slíkri stærðargráðu – það býður hættunni heim. Hvað veldur því að ekki er hlustað á almenning í þessu landi þegar kemur að strandsiglingum? Það er alveg ljóst að meirihluti þjóðarinnar, hvort sem hann býr á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess, er hlynntur því að taka upp flutninga á sjó.

Fólkið vill breytingar – stjórnvöld ekki

Fyrirtæki í sjávarútvegi á Vestfjörðum hafa lagt fram metnaðarfulla áætlum um það hvernig mætti koma slíkum siglingum á með stuðningi stjórnvalda fyrstu 3 árin. En eftir þann tíma yrði komið jafnvægi á flutningana og ríkisstyrkur aflagður. Áhugavert er að heyra í framkvæmdastjóra Atlantsskipa, Gunnari Bachmann, þegar hann er spurður um ástæður þess að ekki skuli vera komnar á strandsiglingar í viðtali við Bæjarins besta þann 22. febrúar sl.:

„Það vantar enn viljann til að breyta“ segir Gunnar Bachmann, framkvæmdastjóri Atlantsskipa, aðspurður um strandsiglingar fyrirtækisins til Vestfjarða. Hann segist hafa merkt áhuga hjá fyrirtækjum, en það sé eins og tryggð við flutningafyrirtækin sem fyrir eru á markaðinum séu honum yfirsterkari. Mestan áhuga segist Gunnar skynja hjá hinum almenna borgara sem gjarnan vilji losna við öra umferð flutningabíla af vegum landsins en áhuginn hjá stjórnvöldum sé hins vegar ekki fyrir hendi.

Fullyrðingar um hið gagnstæða

Gunnar Þórðarson skrifaði grein í Bæjarins besta þann 24. febrúar þar sem hann heldur hinu gagnstæða fram. Hann segir strandsiglingar ekki breyta neinu í stóru myndinni – flutningar eigi að fara fram á vegum: *Í nefndaráliti um þróun flutninga innanlands sem gefin var út af Samgönguráðuneytinu í apríl 2005 kemur fram að þjóðhagslegur kostnaður myndi hækka við færslu hluta flutnings frá Ísafirði til Reykjavíkur af þjóðvegum út á sjó, sem byggir á hversu lítið magn er verið að flytja.* Það er rétt að kostnaður við standsiglingar er talsverður en það er líka verið að fara fram á ríkisstyrktar strandsiglingar á meðan þjóðvegir verða byggðir upp.

Gunnar fer einnig hörðum orðum um þá sem benda á Evrópusambandið og EES samninginn máli sínu til stuðnings. Gunnar segir: *Að stjórnandi fyrirtækis eins og Atlant[s]skipa skuli slá um sig Hvítbók og merkilegum markmiðum Evrópusambandsins, til að knýja fram ríkisstyrk til siglinga á Íslandi er ótrúlegt lýðskrum. Gera lítið úr merkilegri samgönguáætlun þar sem Vestfirðingar eru að fá á skömmum tíma miklar vegabætur sem í raun eru langt umfram efnahagsleg rök.*

Þarna blandar Gunnar saman þeim heimildum EES samningsins um að styrkja strjálbýl svæði annars vegar og markmiðum Evrópusambandsins um að koma flutningum á ár og járnbrautir hins vegar. Hvoru tveggja má nota sem rök fyrir því að færa flutninga aftur á sjó hér við land en helstu rökin eru auðvitað þau að þannig verði jafnara gefið. Samgönguáætlun er ágæt út af fyrir sig – en 2-3 ára bið eftir bundnu slitlagi frá Ísafirði til Reykjavíkur, lengri bið á suðurfjörðum og enn lengri bið þangað til svæðin verða tengd – er of langt bil sem verður að brúa.

> **„Byggðastefna snýst fyrst og fremst um pólitískar ákvarðanir er lúta að þjónustustigi. Réttlát byggðastefna miðar að jafnri aðstöðu fólks, óháð búsetu.“**

Það hallar á Vestfirði

Byggðastefna snýst fyrst og fremst um pólitískar ákvarðanir er lúta að þjónustustigi. Réttlát byggðastefna miðar að jafnri aðstöðu fólks, óháð búsetu. Það er alveg ljóst að Vestfjarðasvæðið skilar gríðarlegum virðisauka til samfélagsins. Útflutningsverðmæti og skatttekjur af svæðinu eru margir milljarðar árlega og þessum fjármunum verður að veita aftur í svæðið. Það er búið að koma því þannig fyrir að allar vörur fara til Reykjavíkur en slíkt er ekkert lögmál. Hagur okkar Íslendinga er ekki aðeins að þenja út Faxaflóahafnir heldur að styrkja byggð í þessu landi. Það liggja fyrir málefnalegar og raunhæfar tillögur sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga sem stjórnvöld eiga að sjá sóma sinn í að koma til leiðar. Að niðurgreiða strandsiglingar um 100 milljónir árlega næstu 3 árin er ekki ölmusa heldur þjóðþrifamál. Á tungu Kaup-hallarinnar heitir það að vera þjóðhagslega hagkvæmt!

Grímur Atlason.

Rokkað á Ásgeirsbakka í ár

Rokkhátíðin Aldrei fór ég suður verður í ár haldin í gömlu Eimskipa- og Ríkisskipa skemmunni á Ásgeirsbakka við Ísafjarðarhöfn. Samkomulag um staðsetninguna hefur náðst milli aðstandenda hátíðarinnar og eiganda skemmunnar, athafnamannsins Aðalsteins Ómars Ásgeirssonar. Á heimasíðu hátíðarinnar segir að þetta séu mikil gleðitíðindi fyrir þá sem að hátíðinni standa og aðra sem vilja veg og vanda hátíðarinnar sem mestan.

Gamla Eimskipa- og Ríkisskipaskemman á Ásgeirsbakka við Ísafjarðarhöfn þar sem Aldrei fór ég suður verður haldin í ár.

Undanfarin tvö ár hefur hátíðin verið haldin í Edinborgarhúsinu, en þar standa yfir miklar framkvæmdir sem gera erfitt eða ómögulegt að halda hátíðina þar þetta árið. Fyrsta ár Aldrei fór ég suður var hátíðin haldin á neðri hæð sushi-verksmiðjunnar sem starfrækt var í Sindrabergi. Rokkhátíðin hefur alla jafna staðið í um það bil 10 klukkustundir og má gera ráð fyrir öðru eins rokkflóði þetta árið. Á hverju ári hafa á þriðja tug innfæddra og innfluttra listamanna troðið upp við mikinn fögnuð gesta. – *annska@bb.is*

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við fráfall elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Jennýjar Jónsdóttur
Hlíf I, Ísafirði

Hrafnhildur Kristinsdóttir Sigurður Ágústsson
Sólveig Kristinsdóttir Grétar S. Pétursson
Guðmundur Kristinsson Elín Bjarnadóttir
barnabörn og langömmubörn.

Nýjungar í Heydal í sumar

Að sögn Stellu Guðmundsdóttur hjá ferðaþjónustunni Heydal í Mjóafirði lofar sumarið góðu. Pantanir eru þegar farnar að berast og þó sumarið sé ekki upppantað eru nokkrar helgar að fyllast. Bryddað verður upp á ýmsum nýjungum hjá ferðaþjónustunni í sumar, en í boði verða skipulagðar kajakferðir og einnig verður hægt að skella sér í hesta- og veiðiferð, þar sem riðið er inn dalinn, upp á heiði og að Ausuvatni þar sem er fallegur og bragðgóður urriði. Stella bætir því við að upplagt sé fyrir fólk, sérstaklega á Vestfjörðum, að skella sér í Heydal áður en mesti ferðamannastraumurinn hefst, t.d. í apríl eða maí.

Kristinn H. í 2. sætið

Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður, hefur þegið annað sætið á lista Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins verður í fyrsta sæti á listanum sem fyrr. Kristinn H. segir, að fleiri kostir hafi verið í boði en þetta hafi orðið niðurstaðan.

Sorglegt að Marel hafi valið að fara þessa leið

Grétar Pétursson, starfsmaður Marels fyrir framan starfsstöð fyrirtækisins á Ísafirði.

Grétar Pétursson, starfsmaður Marels á Ísafirði, segir ákvörðun fyrirtækisins um að loka starfsstöð sinni á Ísafirði vera áfall. Hann segir að ákvörðunin hafi þó ekki komið sér mjög á óvart í ljósi reynslunnar af því er utanaðkomandi aðilar festa kaup á fyrirtækjum á Ísafirði. „Þetta er sorgarsaga, því fyrirheitin voru á allt aðra leið. Starfsmenn ræddu þetta við forsvarsmenn Marels þegar fyrirtækið tók yfir og spurðu einmitt mikið út í það hvort þetta yrði raunin, minnugir þess hvernig fór fyrir Guggunni," segir Grétar.

Hann segist ekki vita hvað taki við hjá honum, en hann hefur starfað í starfsstöðinni á Ísafirði í 20 ár og farið í gegnum ýmis tímabil, meðal annars þá dýfu þegar Póls-tækni fór á hausinn á sínum tíma. Upp úr því var fyrirtækið Pólsrafeindarvörur stofnað sem breyttist svo í Póls sem Marel keypti fyrir tæpum þremur árum síðan. „Ég ætla allavega að leyfa nokkrum dögum að líða áður en ég fer að hugsa út í það fyrir alvöru hvar mann skal nú bera niður á sjötugsaldri," segir Grétar sem er 61 árs.

Grétar segir tíðindin af lokun Marels hafa áhrif á fleiri en starfmenn fyrirtækisins og fjölskyldur þeirra, heldur sláii þau almennt á móralinn í bænum. Hann segist ekki sjá það í fljótu bragði hvað starfsmenn taki sér fyrir hendur þegar yfir lýkur hjá fyrirtækinu. „Hjá fyrirtækinu starfa margir ungir menn sem eru að byggja sér heimili á Ísafirði. Það er ekki gott að segja hvað menn munu gera." Grétar segist ekki spenntur fyrir þeirri tilhugsun að flytjast búferlum á höfuðborgarsvæðið og vinna hjá starfsstöð fyrirtækisins í Garðabæ. „Ég bý í ljómandi góðu einbýlishúsi hér á Ísafirði, að selja það og eiga varla fyrir kjallaraholu í höfuðborginni í staðinn finnst mér ekki spennandi."

„Mig grunar að menn séu ekki mjög ginkeyptir fyrir því að kaupa tækjabúnað fyrirtækisins hér. Sérstaklega þar sem Marel á réttinn að þeim tækjum sem við höfum verið að framleiða hér. En húsin eru til staðar og þokkalegar vélar," segir Grétar en Magnús Þór Ásmundsson, framkvæmdastjóri framleiðslu Marels, sagði í viðtali við blaðið að starfsmönnum hefði boðist tækjakostur fyrirtækisins til kaups.

Grétar segir mikinn sjónarsvipti af fyrirtækinu og sorglegt að Marel hafi valið að fara þessa leið, þar sem ekki var annað vitað en að einingin gengi vel.

– annska@bb.is

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi í 21 landi. Hjá fyrirtækinu starfa um 8.500 manns í spennandi og fjölbreyttu vinnuumhverfi.

Þjónustunet Eimskips samanstendur af 163 skrifstofum félagsins í Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu, tæplega 50 skipum, 1.350 flutningabílum og tengivögnum og yfir 100 kæli- og frystigeymslum í Evrópu, N-Ameríku og Asíu, ásamt dótturfélögum og samstarfsaðilum.

Rafvéla- eða rafvirki

Eimskip óskar eftir að ráða rafvéla- eða rafvirkja til framtíðarstarfa á rafmagnsverkstæði fyrirtækisins í Sundahöfn. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Unnið er á tvískiptum vöktum alla virka daga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur:
- Sveinspróf í rafvélavirkjun eða rafvirkjun.
- Reynsla af viðgerðum á rafvélum og raflögnum (nýlögnum og viðhaldi) er æskileg.
- Reynsla af viðgerðum frystivéla er æskileg.
- Íslenskukunnátta er skilyrði.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Góð þjónustulund og jákvæðni.
- Nauðsynlegt að geta unnið undir álagi.
- Hreint sakavottorð er skilyrði.

Umsjón með ráðningunni hefur Heiðrún Helgadóttir, sérfræðingur á starfsþróunarsviði Eimskips, í síma 525 7363, netfang hhd@eimskip.is.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar www.eimskip.is.
Umsóknarfrestur er til og með 8. mars 2007.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Pálsson verkstjóri á rafmagnsverkstæði, í síma 525 7181 eða 825 7181. Netfang: arp@eimskip.is.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7709 | www.eimskip.is

EIMSKIP

Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltadóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

Blogg Jóns Steinars Ragnarssonar

http://prakkarinn.blog.is/blog/prakkarinn/

„Fyrir ekki svo löngu hafði ég glatað öllu sem venjulegur maður gæti talið sig þurfa til sómasamlegs lífs. Brennivínið hafði leitt mig svo afvega að ég var kominn úr öllu samneyti við þá sem ég elska og virði, átti ekkert veraldlegra eigna og var í stórri skuld við samfélagið. Ég bjó í kjallaraholu, sem var hálf full af vatni þegar ringdi og myglusvepurinn skreið upp veggina. Ég þvoði mér ekki og borðaði nánast ekkert. Ég var búinn að missa alla von og trú, sníkti peninga og drakk þegar ég mögulega gat til að sefja sársaukann í hjartanu. Ég var fullur biturðar, sjálfsásökunnar og sjálfsvorkunnar og vildi helst deyja sem fyrst.“

Smáauglýsingar

Til sölu er VW Passat árg. 2001, ekinn 71 þús. km. Upplýsingar í síma 867 1293.

Til leigu er 70m², 3ja herb. íbúð að Seljalandi 16 á Ísafirði frá 1. mars. Upplýsingar í símum 694 9913 eða 699 2392.

Gamall maður sem safnar flestum smáhlutum fyrri ára vill kaupa biluð vasaúr, gömul póstkort, umslög, frímerki, seðla, mynt, útrunnin skjöl, hlutabréf, skildi, merki, skömmtunarseðla og fleira. Uppl. í síma 893 0878.

Kaupi bíla til niðurrifs. Upplýsingar í síma 899 4201.

Til sölu er ársgamall ísskápur. Selst á kr. 30 þús. Uppl. í síma 456 3928 og 456 4323.

Til sölu er Iveco, 4x4, 12 manna. Uppl. gefa Ari í síma 840 3142 og Jói í síma 863 1626.

Afmæli

Matthildur H. Benediktsdóttir í Bolungarvík verður fimmtug 4. mars nk. Af því tilefni býður hún gestum að þiggja veitingar laugardaginn 3. mars í húsi Slysavarnafélagsins í Bolungarvík frá kl. 15-18. Vonast hún til að sjá sem flesta.

Góð stemning á Glitnismóti

Púkamót Glitnis fór fram um helgina í Tungudal og á Seljalandsdal. Keppendur voru um 140 talsins, frá Ísafirði, Akureyri, Hólmavík og úr Ármanni og Víkingi í Reykjavík, og voru þeir á aldrinum 4-12 ára.

Mótið tókst í alla staði vel og létu keppendur kulda og skafrenning á laugardag ekki stöðva sig. Keppt var í svigi, stórsvigi, á brettum og gönguskíðum. Mikil tilþrif voru sýnd í brettakeppninni, einkum í stökkunum í gær. Almennt var líka vel tekið á því í brekkunum.

Á laugardagskvöld sletti hópurinn úr klaufunum í íþróttahúsinu Torfnesi. Þar var sungið, farið í leiki, horft á atriði úr Lísu í Undralandi og loks dansað við undirleik Apollo.

Spurning vikunnar

Var rétt af eigendum Hótel Sögu að vísa frá hópi fólks sem tengist framleiðslu klámefnis?

Alls svöruðu 1.146.
Já sögðu 346 eða 30%
Nei sögðu 723 eða 63%
Hlutlausir voru 77 eða 7%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Christophe Pons, Clément Dorival og Thomas Roussillon.

Tengsl hinna lifandi og látnu á Íslandi

Þrír Frakkar voru við kvikmyndatökur á Ísafirði og nágrenni á dögunum en þeir eru að vinna að heimildarmynd sem sýnd verður í Frakklandi og standa vonir til að hún verði einnig sýnd á Íslandi. Myndin fjallar um miðla og tengsl Íslendinga við þá sem farnir eru yfir móðuna miklu. Bæjarins besta náði tali af kvikmyndagerðarmönnunum á milli taka, þeim Christophe Pons, Clément Dorival og Thomas Roussillon.

– Um hvað fjallar myndin sem þið eruð að taka upp.

„Myndin fjallar um samband þeirra lifandi og látnu sem er erfitt viðfangs í Frakklandi þar sem ekki er talað um hina látnu á sama hátt og Íslendingar gera. Við ákváðum að fara til Íslands til að varpa ljósi á það hvernig Íslendingar líta á tengslin við þá sem látnir eru.

Tökur við myndina hófust fyrir tveimur árum en reyndar segir Christophe það hafa verið frekar skondið hve erfiðlega gekk hjá Clément að fara út í kvikmyndagerð. „Hann ætlaði að gera heimildarmynd um afa sinn en áður en hann byrjaði lést afi hans. Þá fékk Clément til liðs við sig mjög þekktan heimildarmyndargerðarmann í Frakklandi, Jean Rouch, sem gerði margar frægar heimildarmyndir á sjötta áratugnum. Jean Rouch vann mikið í Afríku og viðfangsefni þessarar myndar var um jarðarför þekkts mannfræðings frá Frakklandi. Þeir fóru til Afríku til þess að undirbúa tökurnar og taka fyrstu myndskeiðin. Þeir sneru aftur til Frakklands og áttu þá eingöngu eftir að mynda minningarathöfnina sjálfa en þá dó Jean Rouch á milli þessara tveggja taka. Það virtist því sem í hvert skipti sem Clément vildi byrja á mynd dó fólkið sem áttu að vera viðfangsefnið.“

„Já þetta hefur verið langt ferli af kvikmyndun og dauða hjá mér“, segir Clément.

– Christophe bjó lengi á Íslandi og þar á meðal á Ísafirði og hafði um langan tíma langað til þess að taka upp mynd á Íslandi. Ég hitti Clément og við fórum að tala saman og komust að þeirri niðurstöðu að við ættum að gera mynd saman. Við fengum svo upptökumanninn Thomas í lið með okkur sem hefur alveg frábært auga.“

– Myndin gerist að mestu Reykjavík en einnig í Keflavík, Hafnarfirði og á Ísafirði.

„Mig langaði til þess að sýna einnig frá landsbyggðinni en ekki eingöngu frá höfuðborginni til þess að sýna fram á að það er meira varið í Ísland en bara Reykjavík. Helst vildi ég sýna frá Ísafirði sem er sá hluti Íslands sem ég féll fyrst fyrir en ég vissi ekki hvort það yrði mögulegt. Í fyrstu unnum við með öðrum miðli en hann vildi ekki að við mynduðum einstaklingsfundi sína sem gerði okkur erfitt fyrir það því þá gátum við ekki kafað eins djúpt í hlutina og við vildum. En við virtum það að sjálfsögðu. En svo kom Þórunn Maggý til sögunnar og hún var mjög opinská og fannst hugmyndin okkar vera góð. Svo vill til að hún er fædd á Ísafirði svo að hugmyndirnar tvær smullu saman, “ segir Christophe.

„Við vildum sýna meira frá mannlífinu heldur en það sem fólk býst vanalega við að sjá frá Íslandi eins og fjöll, höf og mikilfenglegt landslag. Mér finnst við hafa náð andrúmsloftinu nokkuð vel.“

– Hvað finnst ykkur um Ísland?

„Ég sé Ísland í gegnum linsuna og einblíni því á að koma sýn Clément og Christophe til skila. Ég vil endilega koma aftur til Íslands og skoða það betur án þess að vera að vinna. En vissulega er mjög fallegt hérna og fólkið er mjög vingjarnlegt og sérstaklega hérna á Ísafirði“, segir Thomas.

„Við Christophe höfðum komið áður til Íslands og komum í desember til að ná myndum af andrúmsloftinu í skammdeginu þegar öll ljósin er tendruð. Það var mjög fallegt og mjög sérstakt í mínum huga. Ég er einnig mjög snortinn af sambandi Íslendinga við hina látnu þar sem það þekkist ekki í Frakklandi. Ég held að það sé auðveldara fyrir Íslendinga að höndla sorg en okkur Frakkana þar sem þið talið á mun opinskárri hátt um þá sem farnir eru og getið haft samband við þá í gegnum miðla. Það fyrirfinnst ekki í Frakklandi. Ég vil þó taka fram að í gegnum myndina erum við ekki að segja hvað sé rétt og satt, við erum einungis að varpa ljósi á þessa hlið. Við tökum enga afstöðu hvort við trúum eða ekki. Við erum aðeins að fylgjast með“, segir Clément. BB óskar þeim alls hins besta við gerð myndarinnar og vonar að Íslendingar muni öðlast tækifæri til að sjá afraksturinn.

Styttist í frumsýningu Sólrisuleikritsins

Sólrisuleikrit Menntaskólans á Ísafirði verður frumsýnt á föstudag, en það er að venju fyrsti stórviðburður Sólrisuvikunnar. Að þessu sinni verður sett upp söngleikurinn um Lísu í Undralandi. Það er þó ekki hin hefðbundna saga sem flestir þekkja úr barnæsku sinni sem verður sett upp, heldur leikgerð eftir Norðmanninn Klaus Hagerud sem þykir heldur súrrealískari en upprunalega sagan. Að sögn Jóhanns Frímanns Rúnarssonar, sem fer með hlutverk klikkaða hérans, er mikill spenningur í hópnum nú, svona skömmu fyrir frumsýningu. Æfingar hafa gengið mjög vel og er Jóhann viss um að nemendur og aðrir bæjarbúar muni taka verkinu vel enda sé það bráðskemmtilegt og mjög fyndið. Leikstjóri í ár er Hrafnhildur Hafberg.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Stíf suðaustlæg átt og snjókoma eða él í flestum landshlutum, þó síst á Norðurlandi. Heldur hlýnandi. **Horfur á laugardag:** tíf suðaustlæg átt og snjókoma eða él í flestum landshlutum, þó síst á Norðurlandi. Heldur hlýnandi. **Horfur á sunnudag:** tíf suðaustlæg átt og snjókoma eða él í flestum landshlutum.

Tíu frumsamin verk á tónleikum Tónlistarskóla Ísafjarðar

Á tónleikum við Tónlistarskóla Ísafjarðar á föstudag voru frumflutt tíu frumsamin lög og ljóð eftir unga nemendur eins af píanókennurum skólans, Beötu Joó. Verkin eru sungin af barnakór skólans, undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur, en undirleik annast tónskáldin sjálf, með hjálp annarra nemenda. Tónleikarnir eru hluti af miðsvetrartónleikum tónlistarskólans sem standa yfir um þessar mundir, undir yfirskriftinni Tónlistarhátíð æskunnar.

Beata segir að þetta sé ekki í fyrsta sinn sem nemendur skólans semja sjálfir lög og flytja á tónleikum, en þó aldrei áður á þennan hátt, með kór til að syngja lagið. Hugmyndin spannst út frá því að einn af valmöguleikum tónlistarnema fyrir s.k. grunnpróf er að flytja frumsamið verk, en Beötu finnst það mjög skemmtilegur möguleiki. Krakkarnir nota flest ákveðna aðferð við að semja lög, en hún byggir á því að þau semja ljóð, sem þau síðan finna taktinn í með því að rappa þau. Þegar takturinn er fundinn er lag spunnið útfrá honum. Það er mikil melódía í íslenskunni segir Beata, og því er ekkert vandamál að semja lög við hana, jafnvel fyrir fólk sem ekki er með íslensku að móðurmáli.

Aðspurð segir Beata að flest börnin séu mjög áhugasöm, en sumum reynist erfitt að opna sig í fyrstu. Á endanum finnst öllum þó rosalega gaman. Nokkur barnanna hafa samið lög áður og eiga þau mun auðveldara með ferlið og lögin bókstaflega renna upp úr sumum þeirra. Það er því ljóst að æfingin skapar meistarann í þessu eins og svo mörgu öðru. Krakkarnir virðast líka eiga auðveldara með að skilja tónskáld og tónverk þeirra eftir að hafa sjálf samið tónlist. Beata telur þetta tvímælalaust vera verkefni sem gaman væri að takast á við aftur, en erfitt sé fyrir alla hlutaðeigandi að finna og gefa sér tíma í undirbúning og æfingar, því verði þetta kannski að viðburði sem endurtekinn er annað hvert ár

Nokkur barnanna sem eiga frumsamin lög á tónleikunum í kvöld ræddu við blaðamann eftir æfingu á verkum þeirra. Þau voru öll sammála um að það væri mjög skemmtilegt að semja tónlist, en sumum fannst það aðeins erfiðara en öðrum. Nokkur hafa samið lög áður og mæta jafnvel með nýtt frumsamið lag í nær hvern einasta píanótíma. Aðspurð segja þau að þau tónskáld sem eiga helst upp á pallborðið hjá þeim séu t.d. Mozart, Bach, Beethoven og Debussy. Þrír af eldri nemendum skólans hafa einnig unnið að frumsömdum verkum undanfarið, en þau voru flutt á tónleikum skólans.

– tinna@bb.is

Beata Joó og börnin.

Sælkeri vikunnar er Dagur Hákon Rafnsson á Ísafirði

Skötuselur með humar Risotto og maltsósu

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á ljúffenga sjávarréttamáltíð sem saman stendur af skötusel, humar, risotto og maltsósu. Er um að ræða sannkallaða sælkeramáltíð fyrir þá sem hafa dálæti á sjávarfæði. Dagur bendir þó á að ef að rétturinn klikkar má alltaf sjóða ferska ýsu með kartöflum og smjöri.

Skötuselur

800 g skötuselur
Salt
Pipar

Hreinsið fiskinn og skerið í fjóra bita (200 g). Fáið góðan hita á pönnuna og steikið í hálfa mínútu á hvorri hlið og látið standa síðan í 2 mín. á pönnunni. Þá verður hann eins og hann gerist bestur, aðeins blautur í miðjunni.

Humar Risotto

400 g grjón
16 litlir humarhalar
Fiskikraftur
1 stk laukur
½ l vatn eða hvítvín
250 ml rjómi
Olía
Salt
Pipar

Saxið laukinn smátt og svitið í olíu í potti, setjið næst grjónin út í ásamt vatninu (hvítvíninu). Látið malla í smástund og hrærið í af og til. Setjið fiskikraftinn út í þegar grjónin eru orðin nógu elduð en þau eiga ekki að vera eins og grjónagrautur heldur aðeins stökk. Síðan eru humarhalarnir ristaðir upp úr hvítlauk. Setjið rjómann út í grjónin sem eru í pottinum og fáið suðuna upp. Því næst er humarinn settur út í.

Maltsósa

½ l malt í dó
½ nautasoð eða vatn ásamt nautakrafti
100 g smjör
Salt

Setjið maltið og nautasoðið í pott og sjóðið niður um helming. Skerið síðan ískalt smjörið í bita og setjið út í til að þykkja og gefa góðan gljáa.

Ég skora á Stefán Hafsteinsson á Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blað.

Dæmdur fyrir sölu og dreifingu fíkniefna

Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða til 30 daga skilorðsbundis fangelsis í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir sölu og dreifingu fíkniefna, með því að hafa í félagi á tímabilinu september 2005 til 5. janúar 2006, selt óþekktum einstaklingum allt að 100 grömm af hassi gegn. 3.000 kr. greiðslu fyrir hvert gramm.

Í janúar á síðasta ári fann lögregla við húsleit hjá manninum 49,80 grömm af hassi sem ætluð voru til sölu og dreifingar. Kona sem var upphaflega ákærð í málinu með manninum, neitaði sök. Að fenginni afstöðu hennar var þáttur ákærða, sem þegar hafði lagt málið í dóm fyrir sitt leyti, skilinn frá upphaflega málinu og var hann því dæmdur sérstaklega í þessu máli.

Við ákvörðun refsingar var ákærða til málsbóta að hann játaði brot sín skýlaust fyrir dómi, hann var samvinnuþýður við alla rannsókn málsins og þá hefur hann ekki áður sætt refsingum. Ásamt dómnum sætti ákærði upptöku á því hassi sem fannst heims hjá honum við húsleit, 110.000 krónum í peningum, og áhöldum til fíkniefnaneyslu.

– annska@bb.is

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn

Starfsstöð Marel hf. á Ísafirði verður lokað í haust

Ákveðið hefur verið að loka starfsstöð Marel hf. á Ísafirði frá 1. september nk. Hafa stjórnendur fyrirtækisins rætt við starfsfólkið um möguleg-an áhuga þess á starfi í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Garðabæ en rúmlega 20 manns vinna hjá fyrirtækinu. Aðgerðin er liður í endurskipulagningu á heildarstarfsemi fyrirtækisins um allan heim. Flutningurinn frá Ísafirði til Garðabæjar er liður í endurskipulagningunni og ákvörðunin er alfarið byggð á rekstrarlegum forsendum. Á Ísafirði hefur undanfarin ár verið lögð áhersla á framleiðslu og sölu hraðpökkunartækja, sem þróuð eru þar. Um langt árabil hafa auk þess verið framleiddar skipavogir vestra.

Framleiðslueiningin á Ísafirði var upphaflega fyrirtækið Póls, sem Marel keypti árið 2004, en það hafði þá glímt við taprekstur um skeið. Í kjölfar kaupa Marel á fyrirtækjunum AEW Delford Systems í Bretlandi og Scanvægt International í Danmörku á síðasta ári hefur verið unnið að samþættingu rekstrareininga fyrirtækisins um allan heim. Það er afar mikilvægt fyrir alþjóðlegt fyrirtæki eins og Marel að fækka og stækka sölu-, þróunar- og framleiðslueiningar sínar á rekstrarlegum forsendum. Vegna þessa er einingin á Ísafirði orðin of lítil og óhagstæð.

„Stjórnendum Marel þykir leitt að þurfa að hætta rekstri vestra, en rekstrarlegar ástæður krefjast aukinnar samþættingar í alþjóðlegu starfsumhverfi fyrirtækisins, segir í frétt frá fyrirtækinu sem send var fjölmiðlum í síðustu viku.

– bb@bb.is

Starfsstöð Marels á Ísafirði.

Ferhyrndur hrútur ættaður frá Hornströndum

Ferhyrndur hrútur sneri aftur heim til Arngríms Kristjánssonar bónda í Bolungarvík á dögunum eftir að hafa tínst á fjöllum. Ferhyrnt fé er afar sjaldgæf sjón en Arngrímur á þrenna slíka hrúta. „Þessi stofn er frá Bolungarvík á Hornströndum. Ferhyrnt fé sést varla lengur á Íslandi nema hjá nokkrum sérvitrum bóndum sem rækta það eins og ég. Ég geri það nú bara til gamans en það vekur mikla athygli og meira að segja hafa bændur verið að senda það út til Ameríku þar sem það þykir mjög fallegt fé“, segir Arngrímur. Hrúturinn á myndinni ber nafnið Djásnið og urðu glaðlegir endurfundir þegar hann sneri aftur heim. Að sögn Arngríms er ferhyrnda féð mjög skapgóðar og ljúfar skepnur. Ferhyrnda féð er ekki einu sjaldgæfu skepnurnar sem Arngrímur ræktar en hann er meðal annars með ferkollur sem hafa óvenjulegt höfuðlag og brúsk á kolli sem svipar til Bítlahárgreiðslunnar að sögn Arngríms. Á meðfylgjandi mynd má sjá Arngrím og Djásnið við endurfundina.

Segir lokun Marels áfall

Pétur Sigurðsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfjarða, segir það hörmung að missa jafn sérstakt fyrirtæki og Marel úr bænum. „Það er ljóst að í fyrirtæki sem búið er að starfa meðal okkar í 40 ár býr gífurleg þekking og reynsla, sem slæmt er að missa niður. Það getur orðið erfitt fyrir þá sem hafa unnið þarna í áratugi að fá eða samlagast öðrum störfum í bænum. Að einhverju leyti sé stórkapítalismanum um að kenna sem ekki horfir til þess að leysa þurfi atvinnuástand á ýmsum stöðum,“ segir Pétur.

Honum finnst það vera öðruvísi í þessum iðnaði, sem og í sjávarútvegi en t.d. landbúnaðinum, það sitji ekki allir við sama borð þar hvað varðar aðstoð hins opinbera. Pétur á ekki von á neinni björgun frá ríkinu en segir að menn verði að reyna að klóra í bakkann, athuga með hugmyndirnar sem hafa komið upp um að stofna fyrirtæki á grunni þess sem nú er að fara.

Pétur Sigurðsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

Pétur bætir því við að þegar staðið er í basli við að fjölga störfum á svæðinu, fyrir utan hin hefðbundnu, og hverju stöðugildi er fagnað með veislu og ræðuhöldum, sé auðvitað mikið áfall þegar um 20 störf hverfa úr bænum.

– tinna@bb.is

Horft til sömu sprungunnar í jarðhitaleit

Sveitarfélögin við norðanvert Ísafjarðardjúp horfa öll til sömu sprungunnar þegar kemur að jarðhitaleit á svæðinu. Sprungan liggur frá Svarfhóli í Álftafirði um Bræðratungu að Gili í Syðridal. Nýjar skýrslur hafa borist frá Orkubúi Vestfjarða um hitastigulsboranir sem fóru fram síðasta sumar, bæði í Bolungarvík og í Álftafirði. Samkvæmt þeim liggur fyrir að jarðhitaleit í Skutulsfirði, frá botni Engidals út á Óshlíð og rannsóknarboranir á vegum Vegagerðarinnar eru orðnar viðamiklar.

Óbeint hafa rannsóknir og framkvæmdir, eins og áðurnefndar boranir, hjálpað til við að auka skilning á dreifingu jarðhitans eftir sprungum frá heitari stöðum eins og t.d. við Reykjanes. Má einnig nefna sýnileg ummerki á yfirborði, eins og volgrur, sem voru kortlagðar að miklu leyti um alla Vestfirði fyrir meira en 30 árum. Volgrur hafa þó aldrei verið kortlagðar í fjörðunum frá Reykjanesi og út Djúpið þótt tæknin hafi verið fyrir hendi í langan tíma. Auðvelt væri fyrir sveitarfélögin við Djúpið að koma slíkum rannsóknum á en upplýsingar gagnast öllum sem hafa afnot af fjörðunum, s.s. vegna fiskeldis.

– tinna@bb.is

Orkubú Vestfjarða.